# Stjórn og nefndir KSÍ

**Stjórn**

Geir Þorsteinsson Formaður
Lúðvík S. Georgsson Varaformaður
Guðrún Inga Sívertsen Gjaldkeri
Jón Gunnlaugsson Ritari
Þórarinn Gunnarsson
Rúnar Arnarson
Ingibjörg Hinriksdóttir
Stefán Geir Þórisson
Vignir Már Þormóðsson

**Varastjórn**

Jóhannes Ólafsson
Kjartan Daníelsson
Sigvaldi Einarsson

**Landshlutafulltrúar**

Guðmundur Ingvason Austurland
Björn Friðþjófsson Norðurland
Einar Friðþjófsson Suðurland
Jakob Skúlason Vesturland

**Framkvæmdastjórn**

Geir Þorsteinsson Formaður
Guðrún Inga Sívertsen
Jón Gunnlaugsson
Lúðvík S. Georgsson
Þórarinn Gunnarsson

**Rekstrarstjórn Laugardalsvallar**

Geir Þorsteinsson Formaður
Guðrún Inga Sívertsen
Ómar Einarsson
Reynir Ragnarsson
Þórir Hákonarson

**Dómaranefnd**

Þórarinn Gunnarsson Formaður
Eyjólfur Ólafsson
Eysteinn Guðmundsson
Ingi Jónsson
Kári Gunnlaugsson
Sigurður Hannesson
Vignir Már Þormóðsson
Egill Már Markússon

**Fjárhagsnefnd**

Guðrún Inga Sívertsen Formaður
Eggert Steingrímsson
Þórarinn Gunnarsson
Þórir Hákonarson

**Fræðslunefnd**

Ingibjörg Hinriksdóttir Formaður
Guðni Kjartansson
Kjartan Daníelsson
Sigurður Þórir Þorsteinsson
Vanda Sigurgeirsdóttir
Örn Ólafsson

**Laga- og leikreglnanefnd**

Stefán Geir Þórisson Formaður
Guðmundur H. Pétursson
Steinar Þór Guðgeirsson

**Landsliðsnefnd karla**

Jón Gunnlaugsson Formaður
Lúðvík S. Georgsson
Rúnar Arnarson
Viðar Halldórsson

*Landsliðsnefnd karla, framhald*

Þorgrímur Þráinsson

**Landsliðsnefnd kvenna (A og U21)**

Kjartan Daníelsson Formaður
Laufey Sigurðardóttir
Guðrún Inga Sívertsen
Hanna Dóra Magnúsdóttir
Ragnhildur Skúladóttir

**Landsliðsnefnd U21 karla**

Jóhannes Ólafsson Formaður
Jónas Þórhallsson
Stefán Geir Þórisson
Steinn Halldórsson
Vignir Már Þormóðsson

**Unglinganefnd karla (U19 og U17)**

Vignir Már Þormóðsson Formaður
Einar Friðþjófsson
Ingvar Guðjónsson
Ómar B. Stefánsson
Sigurður Helgason
Sigvaldi Einarsson
Þórarinn Gunnarsson

**Unglinganefnd kvenna (U19 og U17)**

Ingibjörg Hinriksdóttir Formaður
Ásta B. Gunnlaugsdóttir
Gary Wake
Íris Björk Eysteinsdóttir
Jakob Skúlason
Sigrún Ríkharðsdóttir

**Mannvirkjanefnd**

Lúðvík S. Georgsson Formaður
Ásthildur Helgadóttir
Jón Runólfsson
Kristján Ásgeirsson
Rúnar Arnarson
Þorbergur Karlsson

**Mótanefnd**

Lúðvík S. Georgsson Formaður
Anna Hjálmdís Gísladóttir
Atli Þórsson
Björn Friðþjófsson
Guðmundur Ingvason
Karólína M. Jónsdóttir
Sigvaldi Einarsson

**Samninga- og félagaskiptanefnd**

Stefán Geir Þórisson Formaður
Lúðvík S. Georgsson
Steinar Þór Guðgeirsson
Guðmundur H. Péturss. (til vara)
Jóhann Albertsson (til vara)
Örn Gunnarsson (til vara)

**Útbreiðslunefnd**

Ingibjörg Hinriksdóttir Formaður
Björn Friðþjófsson
Einar Friðþjófsson
Guðmundur Ingvason
Jakob Skúlason
Sigrún Ríkharðsdóttir

**Útbreiðslunefnd landshluta**

Guðmundur Ingvason Formaður-Austurland
Adda Birna Hjálmarsdóttir Austurland

*Útbreiðslunefnd landshluta, framhald*

| | |
|---|---|
| Valdemar Einarsson | Austurland |
| Björn Friðþjófsson | Formaður-Norðurland |
| Hanna Dóra Markúsdóttir | Norðurland |
| Ómar B. Stefánsson | Norðurland |
| Einar Friðþjófsson | Formaður-Suðurland |
| Einar Jónsson | Suðurland |
| Jóna Björg Pálsdóttir | Suðurland |
| Jakob Skúlason | Formaður-Vesturland |
| Jón Páll Hreinsson | Vesturland |
| Sigrún Ríkharðsdóttir | Vesturland |

**Styttunefnd**

| | |
|---|---|
| Ingi Björn Albertsson | Formaður |
| Halldór Einarsson | |
| Jón Gunnlaugsson | |
| Júlíus Hafstein | |

**Sögunefnd**

| | |
|---|---|
| Ágúst Ingi Jónsson | Formaður |
| Ásta B. Gunnlaugsdóttir | |
| Ellert B. Schram | |
| Halldór Einarsson | |
| Jón Gunnlaugsson | |

**Framkvæmdanefnd NM U17 kvenna 2008**

| | |
|---|---|
| Ingibjörg Hinriksdóttir | Formaður |
| Guðlaug Jónsdóttir | |
| Guðrún Inga Sívertsen | |
| Kjartan Daníelsson | |
| Sigrún Ríkharðsdóttir | |

**Framkvæmdanefnd um jafnréttisáætlun**

| | |
|---|---|
| Guðrún Inga Sívertsen | Formaður |
| Helga Friðriksdóttir | |
| Ingibjörg Hinriksdóttir | |
| Pétur Magnússon | |
| Zakaria Elías Anbari | |

**Heilbrigðisnefnd**

| | |
|---|---|
| Sveinbjörn Brandsson | Formaður |
| Einar Jónsson | |
| Gauti Laxdal | |
| Hjalti Kristjánsson | |
| Hjörtur Þór Hauksson | |
| Reynir Björn Björnsson | |
| Stefán Stefánsson | |
| Svala Helgadóttir | |

**Þjálfaranefnd**

Atli Eðvaldsson
Ásgeir Sigurvinsson
Eyjólfur Sverrisson
Guðjón Þórðarson
Guðni Kjartansson
Helena Ólafsdóttir
Jóhannes Atlason
Jörundur Áki Sveinsson
Logi Ólafsson
Ólafur Jóhannesson
Sigurður R. Eyjólfsson
Vanda Sigurgeirsdóttir

**Aga- og úrskurðarnefnd**

| | |
|---|---|
| Kolbeinn Árnason | Formaður |
| Gunnar Guðmundsson | Varaformaður |
| Halldór Frímannsson | Varaformaður |
| Einar M. Árnason | |
| Helgi R. Magnússon | |
| Sigrún Óttarsdóttir | |
| Sigurður Ingi Halldórsson | |
| Þröstur Ríkharðsson | |

**Áfrýjunardómstóll KSÍ**

| | |
|---|---|
| Sigurður G. Guðjónsson | Forseti |
| Guðmundur Pétursson | |
| Vilhjálmur H. Vilhjálmsson | |
| Brynjar Níelsson (til vara) | |
| Guðmundur Þórðarson (til vara) | |
| Hörður Felix Harðarson (til vara) | |
| Jóhannes A. Sævarsson (til vara) | |
| Lúðvík Örn Steinarsson (til vara) | |

**Leyfisdómur KSÍ**

| | |
|---|---|
| Sveinn Jónsson | Formaður |
| Elías Hergeirsson | |
| Ragnar Gíslason | |
| Rúnar Gíslason | |
| Stefán Gunnlaugsson | |

**Leyfisráð KSÍ**

| | |
|---|---|
| Lúðvík S. Georgsson | Formaður |
| Guðmundur H. Pétursson | |
| Stefán Bergsson | |
| Steinar Þór Guðgeirsson | |
| Örn Gunnarsson | |

**Kjörnefnd**

| | |
|---|---|
| Gísli Gíslason | Formaður |
| Steinn Halldórsson | |
| Unnsteinn Jónsson | |

**Kjörnir skoðunarmenn**

Hannes Þ. Sigurðsson
Haukur Gunnarsson
Reynir Karlsson (til vara)
Þórður Þorkelsson (til vara)

**Kjörinn endurskoðandi**

Björn Ingi Victorsson

**Starfsfólk KSÍ**

| | |
|---|---|
| Þórir Hákonarson | Framkvæmdastjóri |
| Birkir Sveinsson | Mótastjóri |
| Dagur Sveinn Dagbjartsson | Fræðslumál |
| Guðlaugur Gunnarsson | Mótamál og U21 karla |
| Gunnar Gylfason | Landsliðsmál |
| Jóhann G. Kristinsson | Vallarstjóri |
| Klara Bjartmarz | Skrifstofustjóri |
| Kristinn V. Jóhannsson | Vallarstarfsmaður |
| Luka Kostic | Hæfileikamótun |
| Magnús Már Jónsson | Dómarastjóri |
| Margrét Elíasdóttir | Ritari |
| Ómar Smárason | Leyfis- og markaðsstjóri |
| Pálmi Jónsson | Fjármálastjóri |
| Ragnheiður Elíasdóttir | Ritari |
| Sigurður R. Eyjólfsson | Fræðslustjóri |
| Þorvaldur Ingimundarson | Mótamál og vefur KSÍ |

# Skýrsla landsliðsnefndar karla

Í nefndinni sátu Jón Gunnlaugsson, formaður, Lúðvík S. Georgsson, Rúnar Arnarson, Viðar Halldórsson og Þorgrímur Þráinsson. Með nefndinni störfuðu Þórir Hákonarson og Gunnar Gylfason. Ólafur Jóhannesson var landsliðsþjálfari og honum til aðstoðar Pétur Pétursson og Bjarni Sigurðsson markvarðaþjálfari. Læknar landsliðsins voru Sveinbjörn Brandsson og Gauti Laxdal, sjúkraþjálfarar þeir Stefán Hafþór Stefánsson og Friðrik Ellert Jónsson. Nuddari liðsins var Óðinn Svansson og búningastjóri Björn Gunnarsson.

**Verkefni og leikmenn**
Landsliðið lék á árinu 12 leiki, fjóra í undankeppni HM 2010 og átta vináttuleiki. Sigur vannst í fimm leikjum, tveimur lauk með jafntefli og fimm leikir töpuðust. Í þessum 12 leikjum léku 48 leikmenn. Birkir Már Sævarsson lék flesta leiki ársins, eða 11, og Pálmi Rafn Pálmason kom við sögu í 10 og Aron Einar Gunnarsson og Stefán Gíslason í 9 leikjum hvor. Hermann Hreiðarsson lék sinn 80. landsleik á árinu, Eiður Smári Guðjohnsen sinn 50. og þeir Grétar Rafn Steinsson, Stefán Gíslason og Veigar Páll Gunnarsson sinn 25 landsleik.

**Vináttulandsleikir**
Landsliðið tók þátt í fjögurra þjóða móti á Möltu í byrjun febrúar ásamt heimamönnum, Armenum og Hvít-Rússum. Fyrsti leikurinn var gegn Hvít-Rússum. Lokatölur urðu 2-0 fyrir Hvít-Rússa eftir að staðan hafði verið 1-0 í hálfleik. Íslenska liðið var síst verri aðilinn, en Hvít-Rússarnir nýttu sín færi og unnu sigur. Annar leikurinn var gegn heimamönnum og voru þeir heldur sterkari aðilinn í fyrri hálfleiknum og komust yfir á 18. mínútu. Íslenska liðið náði sér ekki á strik fyrr en síðustu 30 mínútur leiksins, þó án þess að skora. Þriðji leikurinn í mótinu var gegn Armenum og þar urðu lokatölur 2-0 Íslendingum í vil. Tryggvi Guðmundsson skoraði í uppbótartíma í fyrri hálfleik og á 72. mínútu bætti Gunnar Heiðar Þorvaldsson við öðru marki. Um miðjan mars var leikið við Færeyinga í Kórnum í Kópavogi og unnu Íslendingar 3-0 sigur eftir að hafa leitt 1-0 í hálfleik. Fyrsta markið kom á lokamínútu fyrri hálfleiksins þegar Jónas Guðni Sævarsson skoraði. Um miðjan síðari hálfleik skoruðu Færeyingar sjálfsmark og Tryggvi Guðmundsson skoraði þriðja markið á 80. mínútu. Í lok mars var leikið við Slóvaka ytra og vannst þar góður 2-1 sigur. Gunnar Heiðar Þorvaldsson skorði fyrsta mark leiksins á 71. mínútu og Eiður Smári Guðjohnsen bætti öðru marki við á þeirri 82. Slóvakar minnkuðu muninn stuttu fyrir leikslok en sætur sigur Íslands var staðreynd. Í lok maí komu Walesverjar í heimsókn í Laugardalinn og höfðu 1-0 sigur eftir að hafa skorað undir lok fyrri hálfsleiks. Í ágúst var leikið gegn Aserbaídsjan á Laugardalsvellinum og skildu liðin jöfn 1-1. Gestirnir komust yfir í byrjun síðari hálfleiks, en Grétar Rafn Steinsson jafnaði metin á 58. mínútu og þar við sat. Síðasti vináttulandsleikur ársins var gegn Möltu ytra um miðjan nóvember. Þar var það Heiðar Helguson sem skoraði eina mark leiksins á 66. mínútu.

**Undankeppni HM 2010**
Fyrsti leikur undankeppninnar var gegn Norðmönnum í Osló í byrjun september. Norðmenn komust yfir úr vítaspyrnu um miðjan fyrri hálfleikinn, en Heiðar Helguson jafnaði metin á 39. mínútu. Norðmenn komust aftur yfir á 50. mínútu áður en Eiður Smári Guðjohnsen jafnaði á 69. mínútu og úrslitin 2-2. Annar leikurinn var fjórum dögum síðar gegn Skotum á Laugardalsvellinum, sem unnu 2-1 sigur. Skotar skoruðu á 19. og 59. mínútu, en Eiður Smári minnkaði muninn úr vítaspyrnu á 77. mínútu. Í byrjun október var leikið gegn Hollendingum í Rotterdam og unnu heimamenn 2-0 sigur með mörkum á 15. og 55. mínútu. Fjórum dögum síðar vannst sigur á Makedónum á Laugardalsvellinum, 1-0 með marki frá Veigari Páli Gunnarssyni á 15. mínútu. Staðan í riðlinum er þannig að Hollendingar eru efstir með 9 stig eftir 3 leiki, Skotar og Íslendingar hafa 4 stig, Skotar eftir 3 leiki en Íslendingar 4 leiki, Makedónar hafa 3 stig og Norðmenn 2 eftir 3 leiki hvor þjóð.

**Lokaorð**
Það var margt ánægjulegt í starfi landsliðsnefndar á þessu starfsári. Riðlakeppni HM hefur farið vel á stað og árangurinn vel ásættanlegur. Ljóst er að fjölgun æfingaleika hefur gert liðinu gott og örugg og fumlaus stjórnun Ólafs Jóhannessonar og hans manna hafa fleytt liðinu yfir margar hindranir. Ég vil þakka Ólafi og hans aðstoðarmönnum, samnefndarmönnum mínum sem og leikmönnum sem tóku þátt í verkefnum landsliðsins og starfsfólki KSÍ fyrir gott samstarf og óska þeim velfarnaðar.

*Jón Gunnlaugsson, formaður*

# Skýrsla U21 landsliðsnefndar karla

Nefndina skipuðu Jóhannes Ólafsson, formaður, Stefán Geir Þórisson, Steinn Halldórsson, Jónas Þórhallsson og Vignir Þormóðsson. Starfsmaður nefndarinnar var Guðlaugur Gunnarsson. Þjálfari liðsins var Lúkas Kostic, aðstoðarþjálfari Magnús Gylfason, markvarðaþjálfari Þorsteinn Magnússon, Hjalti Kristjánsson læknir liðsins, Þórður Magnússon var sjúkraþjálfari og Lúðvík Jónsson liðsstjóri.

**Undankeppni EM 2009**

Fyrsti leikurinn á árinu fyrir EM 2009 var gegn Kýpur á útivelli og var leikið í Papos á Kýpur. Íslendingar byrjuðu leikinn betur og komst einn leikmaður Íslands þrisvar einn á móti markverði Kýpur og eins áttu Íslendingar skot í stöng, en inn vildi boltinn ekki. Kýpur skoraði síðan tvö mörk með skömmu milli bili í byrjun siðari hálfleiks hið fyrra úr víti og lokatölur því 2-0, Kýpur í vil.

Annar leikur liðsins var æfingaleikur gegn Noregi á Vodafonevellinum í Reykjavík 12. júní. Í leikinn kom einungis einn af þeim leikmönnum Íslands sem leika erlendis, en öðrum var gefið frí. Íslendingum gekk illa upp við mark andstæðinganna en Norðmenn nýttu sín færi mun betur, unnu leikinn sannfærandi og urðu lokatölur 1-4 Norðmönnum í vil. Það var Jón Vilhelm Ákason sem skoraði mark Íslands.

Þriðji leikurinn var leikinn á KR-vellinum og var það æfingaleikur gegn Dönum. Íslendingar börðust vel í þessum leik en Danirnir voru mun sterkari en Íslendingar og unnu verðskuldaðan sigur 2-0.

Fjórði leikurinn var gegn Austurríki ytra og var leikið í Schwaz rétt hjá Innsbruck. Austurríkismenn byrjuðu betur í leiknum og voru heldur sterkari í fyrri hálfleik. Heimamenn skoruðu eina mark leiksins á 7. mínútu eftir hornspyrnu. Íslendingar léku mun betur í seinni hálfleik og voru mjög óheppnir að ná ekki að skora, en markvörður Austurríkis sýndi heimsklassa markvörslu þegar hann varði skot Arnórs Smárasonar. Lokatölur 1 – 0 Austurríki í vil.

Fimmti leikur ársins og sá síðasti var gegn Slóvökum og var leikið í Víkinni. Íslendingar byrju leikinn af krafti, sóttu nokkuð að marki Slóvaka og Gylfi Þór Sigurðsson skoraði fyrir Ísland á 23. mínútu. Á 43. mínutu komust Slóvakar í góða sókn sem endaði með því að Eggert Gunnþór Jónsson varði knöttinn með hendi á línu, fékk rauða spjaldið og Slóvkar fengu víti sem þeir skoruðu úr og jöfnuðu leikinn. Í seinni hálfleik sóttu Slóvakar stíft án þess að skapa sér opin færi. Íslensku strákarnir börðust eins og ljón fyrir stiginu og urðu lokatölur 1-1.

Niðurstaða riðilsins olli nokkrum vonbrigðum þó að liðið hefði á köflum leikið nokkuð vel. Tvö töp gegn Kýpur voru sérstaklega mikil vonbrigðum.

**Leikmenn**

Fjörutíu leikmenn tóku þátt í leikjunum fimm á árinu og fjórir aðrir voru í hópnum en komu ekki inn á. Birkir Bjarnason, Hallgrímur Jónasson og Heiðar Geir Júlíusson léku alla leiki ársins. Bjarni Þór Viðarsson var fyrirliði í fyrsta leiknum en meiddist síðan, Hallgrímur Jónasson tók við fyrirliðabandinu og bar það í þremur leikjum og Rúrik Gíslason í einum leik.

**Þjálfari**

Samningur við Luka Kostic rann út um áramótin 08/09 og var ákveðið að hann yrði ekki endurnýjaður. Í hans stað var Eyjólfur Sverrisson ráðinn til tveggja ára, en Eyjólfur var þjálfari þessa liðs fyrir þremur árum síðan og náði þá góðum árangri með liðið.

**Lokaorð**

Leikmönnum vil ég þakka samstarfið á þessu keppnisári, sem og þjálfurum, lækni, sjúkraþjálfurum og liðsstjórum. Einnig samstarfsmönnum mínum í nefndinni svo og starfsmönnum KSÍ fyrir ánægjulegt samstarf.

*Jóhannes Ólafsson, formaður*

# Skýrsla unglinganefndar karla

Nefndina skipuðu Vignir Már Þormóðsson, formaður, Einar Friðþjófsson, Ingvar Guðjónsson, Sigvaldi Einarsson, Ómar Bragi Stefánsson, Sigurður Helgason og Þórarinn Dúi Gunnarsson. Starfsmaður nefndarinnar var Gunnar Gylfason. Starfssvið nefndarinnar er sem fyrr umsjón með U17 og U19 landsliðum karla. Lúkas Kostic var þjálfari U17, Kristinn Rúnar Jónsson þjálfaði U19 og Freyr Sverrisson hafði umsjón með verkefnum U16, úrtökumóti og knattspyrnuskólanum ásamt því að vera Lúkasi og Kristni til aðstoðar í verkefnum landsliðanna. Þorsteinn Magnússon sá um markmannsþjálfun. Liðsstjórar liðanna voru Gunnlaugur Hreinsson og Hermann Valsson hjá U17 og Guðmundur Óli Sigurðsson og Ragnar Bogi Petersen hjá U17. Læknar liðanna voru Jónas Hvannberg og Kristján Tómas Árnason og sjúkraþjálfarar Gunnar Örn Ástráðsson og Linda Gunnarsdóttir.

***U17 - Leikmenn fæddir 1992 og síðar***

Verkefni liðsins voru hefðbundin, NM um mánaðamótin júlí-ágúst og undankeppni EM í september.

**Opna Norðurlandamótið**

Mótið var að þessu sinni haldið í Svíþjóð 28. júlí - 2. ágúst og var íslenska liðið í B-riðli ásamt Norðmönnum, Englendingum og Finnum. Fyrsti leikurinn var gegn Norðmönnum. Á fyrstu mínútu leiksins fékk íslenska liðið dæmda á sig vítaspyrnu, einum leikmanna vísað af leikvelli, og úr vítaspyrnunni skoruðu Norðmenn fyrsta mark leiksins. Strákarnir okkar lögðu ekki árar í bát og með miklu harðfylgi náðu þeir að jafna metin á 25. mínútu og var þar að verki Ólafur Karl Finsen. Aðeins mínútu síðar náði norska liðið aftur forystunni. Það var svo í uppbótartíma sem Norðmenn skoruðu tvö mörk, en þá farið var að draga verulega af íslenska liðinu eftir stöðugar sóknir Norðmanna enda verið manni færri frá fyrstu mínútu. Annar leikurinn var gegn Englandi og gerðu þeir ensku eina mark leiksins. Síðasti leikurinn í riðlinum var gegn Finnum. Íslenska liðið var sterkari aðilinn í leiknum alveg frá byrjun og sótti grimmt, en mörkin létu á sér standa. Það var ekki fyrr en um 5 mínútur voru eftir af leiknum sem Tómas Guðmundsson braut ísinn, og aðeins tveimur mínútum síðar jók Ólafur Karl Finsen forystuna áður en Styrmir Árnason gulltryggði sigurinn með þriðja markinu á lokamínutunni. Íslenska liðið hafnaði í 3. sæti síns riðils og lék því um 5. sætið og voru andstæðingarnir Skotar, sem gerðu eina mark leiksins í uppbótartíma og varð því 6. sætið hlutskipti Íslendinga að þessu sinni. Norðmenn urðu Norðurlandameistarar eftir sigur á Svíum í úrslitaleiknum, Danir fengu brons eftir góðan sigur á Englendingum og Finnar unnu Færeyinga í leik um 7. sætið.

**Undankeppni EM**

Knattspyrnusambandið tók að sér að halda riðil Íslands í undankeppninni, en Ísland var í riðli með Norðmönnum, Svisslendingum og Úkraínumönnum og var leikið á þremur völlum í Reykjavík, á Akranesi og í Grindavík 24. – 29. september. Fyrsti leikur Íslands var gegn Svisslendingum á Akranesvelli. Gestirnir byrjuðu betur á Akranesi og komust yfir á 24. mínútu og bættu svo við öðru marki um 10 mínútum síðar. Í síðari hálfleik komu Íslendingar mun sterkari til leiks og höfðu yfirhöndina í leiknum og á 53. mínútu minnkaði Zlatko Krickic muninn. Þrátt fyrir ágætar tilraunir tókst íslensku strákunum ekki að bæta við marki og sigur gestanna því staðreynd. Annar leikurinn var gegn Úkraínu á KR-velli. Sigurbergur Elísson kom Íslandi yfir á 15. mínútu leiksins, en Úkraínumenn jöfnuðu metin 7 mínútum síðar og þannig var staðan í hálfleik. Gestirnir skoruðu svo eina mark seinni hálfleiks og lokatölur því 1-2. Þriðji leikurinn var gegn Norðmönnum á Vodafonevellinum og lauk þeim leik með markalausu jafntefli. Noregur og Sviss fóru áfram í milliriðla með 5 stig hvort land, en Norðmenn urðu efstir í riðlinum á markatölu. Úkraínumenn komu næstir með fjögur stig en Íslendingar hlutu eitt stig.

***U19 – Leikmenn fæddir 1989 og síðar***

Liðið lék í milliriðli Evrópumótsins í Noregi um mánaðamótin apríl – maí ásamt heimamönnum, Búlgörum og Ísraelum. Til undirbúnings fyrir þetta mót fór liðið í æfingabúðir til Keflavíkur um páskahelgina. Fyrsti leikurinn var gegn Norðmönnum. Gylfi Þór Sigurðsson kom Íslendingum yfir á 24. mínútu en Norðmenn jöfnuðu á 42. mínútu. Guðmundur Reynir Gunnarsson kom Íslendingum yfir aðeins mínútu síðar og staðan þannig er flautað var til hálfleiks. Í seinni hálfleik bætti hvort liðið við einu marki og var Guðmundur Reynir aftur á ferðinni fyrir Íslendinga. Kom hann Íslendingum í 3-1 á 64. mínútu en Norðmenn minnkuðu muninn á 69. mínútu, en íslensku strákarnir fögnuðu fræknum sigri vel í leikslok. Í öðrum leiknum voru Ísraelar mótherjarnir. Mikil barártta var í leiknum og fá marktækifæri litu dagsins ljós. Sigurmark leiksins kom strax á 7. mínútu leiksins þegar Gylfi Þór Sigurðsson kom boltanum í netið. Lokaleikurinn var gegn Búlgörum og var það hreinn úrslitaleikur um hvort liðið kæmist í úrslitakeppnina í Tékklandi síðar um sumarið. Búlgarir komust yfir í fyrri hálfleik og

leiddu í hálfleik. Baráttan var hörð í síðari hálfleik en Búlgarir bættu svo við öðru marki í uppbótartíma, en örstuttu síðar fengu Íslendingar vítaspyrnu sem að Gylfi Þór Sigurðsson skoraði úr og þar við sat. Búlgarir fengu 9 stig, Íslendingar 6, Norðmenn 3 og Ísraelar ekkert stig.

***U19 – Leikmenn fæddir 1990 og síðar***

Liðið lék tvo vináttuleiki við Norður Íra ytra í byrjun september. Töpuðust báðir leikirnir 2-0.

**Undankeppni EM**

Íslenska liðið var í riðli með Austurríki, Makedóníu og Svíþjóð og var leikið í Skopje um miðjan október. Fyrsti leikurinn var gegn Svíum og var það hörkuleikur. Svíar byrjuðu betur, komust yfir á 18. mínútu og bættu svo við öðru marki á 43. mínútu. Á lokamínútu fyrri hálfleiks náði Björn Bergmann Sigurðarson að minnka muninn og þannig stóð í hálfleik. Íslenska liðið hóf seinni hálfleikinn af krafti og á 56. mínútu jafnaði Jóhann Berg Guðmundsson metin með marki úr vítaspyrnu og á 82. mínútu kom Björn Bergmann Íslendingum yfir með sínu öðru marki. Svíum tókst hins vegar að jafna metin með marki á 89. mínútu og þar við sat. Annar leikurinn var gegn Austurríki, sem vann með þremur mörkum gegn engu eftir að hafa haft tveggja marka forystu í hálfleik. Þriðji leikurinn var gegn heimamönnum. Lokatölur urðu 1-0 fyrir heimamenn eftir markalausan fyrri hálfleik, en mark heimamanna kom á 72. mínútu. Þremur mínútum síðar var einn leikmanna Íslands rekinn af velli og einum færri tókst ekki að jafna metin, svo þar við sat. Austurríkismenn og Svíar hlutu 5 stig hvor þjóð og komust áfram í milliriðla, Makedóníumenn hlutu 4 stig en Íslendingar ráku lestina með 1 stig.

***U19 – Leikmenn fæddir 1991 og síðar***

Liðið tók þátt í æfingamóti í Tékklandi síðari hluta ágúst. Var liðið í riðli með Tékkum, Norðmönnum og Ungverjum. Fyrsti leikurinn var gegn Tékkum sem unnu 2-0 sigur eftir að hafa leitt þannig í hálfleik. Næst var leikið gegn Norðmönnum sem höfðu betur 2-1. Íslendingar leiddu í hálfleik eftir að Arnar Sveinn Geirsson kom Íslendingum yfir en það dugði ekki strákunum, sem fengu á sig tvö mörk í síðari hálfleiknum. Í þriðja leiknum gerðu strákarnir markalaust jafntefli við Ungverja. Íslenska liðið hlaut því eitt stig og komst ekki upp úr riðlinum, en Norðmenn og Tékkar fengu 6 stig og Ungverjar 4.

**Úrtökumót**

Úrtökumót KSÍ fór að venju fram að Laugarvatni um miðjan ágúst og hafði Freyr Sverrisson umsjón með mótinu. Honum til aðstoðar voru þeir Orri Þórðarson, Halldór Jón Sigurðsson, Árni Hilmarsson og Þórarinn Einar Engilbertsson. Líkt og undanfarin áru tóku 64 drengir víðsvegar af landinu þátt og munu þeir mynda U17 landsliðið á þessu ári.

**Lokaorð**

Árangur liðanna hefur oft verið betri en forvitnilegt er sjá að alls lék 51 leikmaður fæddur á árunum 1989-1993 þessa 18 leiki og komu þeir úr 24 íslenskum félögum og fimm erlendum. Verkefni þessa árs eru svipuð og undanfarin ár, U17 tekur þátt í Norðurlandamótinu sem haldið verður í Noregi að þessu sinni, í undanriðli Evrópukeppninnar þar sem við leikum gegn Wales, Rússlandi og Bosníu, en leikið verður í Wales dagana 28. september til 3. október. U19 liðið skipað leikmönnum fæddum 1992 og síðar mun fara á æfingamót í Gautaborg í júlí, U19 liðið skipað leikmönnum fæddum 1991 og síðar mun taka þátt í undanriðli Evrópukeppninnar og eru mótherjar íslenska liðsins Búlgaría, N-Írland og Bosnía, en spilað verður í Bosníu dagana 7. til 12. október. Breytingar hafa orðið á þjálfarateymi liðanna, Lúkas Kostic er hættur eftir 6 ára farsælt starf með U17 liðið, og vil ég nota tækifærið og þakka honum afar vel unnin störf. Jafnframt vil ég bjóða velkominn til starfa Gunnar Guðmundsson sem nú tekur við U17 liðinu, væntum við mikils af honum. Endurnýjaður hefur verið samningur til næstu tveggja ára við Kristin Jónsson þjálfara U19, einnig hefur samningur Freys Sverrisonar verið framlengdur um tvö ár, en þess má geta að Freyr náði þeim merka áfanga á síðasta ári að hafa verið aðstoðarþjálfari yngri landsliðanna í 100 leikjum. Þetta fyrsta ár mitt sem formaður unglinganefnar hefur verið ánægjulegt, en einnig afar lærdómsríkt, og hef ég reynt að nota þennan tíma til að setja mig sem best inn í störf og uppbyggingu landsliðanna. Hef ég nú skipað vinnuhóp til að yfirfara skipulag æfinga og úrtaksmála í samstarfi við þjálfara og starfsmenn unglinganefndarinnar með það að markmiði að gera gott starf enn betra. Að lokum vil ég þakka samnefndarmönnum mínum, þjálfurum, sjúkraþjálfurum, læknum, liðsstjórum og starfsmönnum KSÍ fyrir mjög gott samstarf.

*Vignir Már Þormóðsson, formaður*

# Skýrsla landsliðsnefndar kvenna

Landsliðsnefnd kvenna var skipuð eftirtöldum árið 2008: Kjartan Daníelsson, formaður, Guðrún Inga Sívertsen, Hanna Dóra Markúsdóttir, Laufey Sigurðardóttir og Ragnhildur Skúladóttir. Starfsmaður nefndarinnar var Klara Bjartmarz.

Hlutverk landsliðsnefndar er umsjón með A landsliði kvenna. Sigurður Ragnar Eyjólfsson var landsliðsþjálfari og honum til aðstoðar var Guðni Kjartansson. Markmannsþjálfari var Guðmundur Hreiðarsson, læknir var Reynir Björn Björnsson og sjúkraþjálfararar voru þær Svala Helgadóttir og Erla Ólafsdóttir. Liðsstjórar A kvenna voru Halldóra Gylfadóttir og Ragnheiður Elíasdóttir. Árið 2008 tók Ísland ekki þátt í Norðurlandamóti U21 kvenna.

Fyrsta verkefni ársins var Algarve Cup þar sem íslenska liðið lék fjóra leiki. Fyrsti leikur liðsins á mótinu var gegn Póllandi þar sem öruggur 2-0 sigur vannst. Mörk Íslands gerðu þær Dóra Stefánsdóttir og Margrét Lára Viðarsdóttir. Annar leikur liðsins var gegn Írlandi og sigraði íslenska liðið örugglega 4-1. Mörk Íslands gerðu þær Erla Steina Arnardóttir, Margrét Lára (2) og Sara Björk Gunnarsdóttir. Í þriðja leik liðsins, gegn Portúgölum, varð niðurstaðan 3-0 sigur með mörkum Margrétar Láru (2) og Katrínar Jónsdóttur fyrirliða. Lokaleikur íslenska liðins var gegn Finnum og sigraði Ísland 3-0 með mörkum Margrétar Láru, Rakelar Hönnudóttur og Guðrúnar Sóleyjar Gunnarsdóttur.

Lokaundirbúningur íslenska liðins fyrir riðlakeppni EM voru tveir vináttuleikir við Finna ytra í byrjun maí. Liðin skiptu með sér stigunum í þeim leikjum á jafn bróðurlegan hátt og unnt var, fyrri leikurinn fór 1-1 og sá síðari 0-0. Edda Garðarsdóttir skoraði mark Íslands í Finnlandsferðinni.

Fyrsti leikur Íslands í riðlakeppninni á árinu var gegn Serbíu ytra í lok maí og vann íslenska liðið öruggan 4-0 sigur. Mörk Íslands gerðu þær Margrét Lára Viðarsdóttir (2), Sara Björk Gunnarsdóttir og Katrín Ómarsdóttir. Í júní var röðin komin að tveimur heimaleikjum. Í þeim fyrri voru Slóvenar lagðir 5-0 með mörkum Margrétar Láru (3), Katrínar Jónsdóttur og Katrínar Ómarsdóttur. Í síðari leiknum voru Grikkir lagðir með 7 mörkum gegn engu. Mörk Íslands skoruðu Sara Björk, Hólmfríður Magnúsdóttir (3), Margrét Lára (2) og Katrín Ómarsdóttir. Í lok september lá leið íslenska liðsins til Frakklands þar sem leikið var við heimamenn í La Roche Sur Yon. Hreinn úrslitaleikur þar sem íslenska liðinu dugði jafntefli til að komast í úrslitakeppni EM. Aldrei hefur íslenska liðið fengið jafn mikinn stuðning á útivelli og jafn mikla athygli fjölmiðla. Þrátt fyrir þennan stuðning og hetjulega baráttu tapaði íslenska liðið 1-2 og varð því að leika aukaleiki um sæti á EM. Katrín Jónsdóttir skoraði mark Íslands gegn Frökkum.

Í byrjun október var dregið um mótherja í aukaleikjum og niðurstaðan var sú að við lékum við Íra. Fyrri leikurinn var leikinn í Dublin og fór 1-1. Hólmfríður Magnúsdóttir skoraði mark Íslands. Þann 30. október rann síðan upp dagurinn sem lengi hafði verið beðið eftir. Við mjög erfiðar aðstæður á Laugardalsvelli sýndi íslenska liðið hvað í því bjó og lagði Íra örugglega 3-0. Mörk Íslands skoruðu þær Dóra María Lárusdóttir (2) og Margrét Lára Viðarsdóttir. Langþráður draumur rættist og fögnður íslenska liðsins og allra þeirra sem því tengdust var gífurlegur.

Þann 18. nóvember síðastliðinn var dregið í riðla í úrslitakeppni EM og dróst íslenska liðið í riðil með Þýskalandi, Frakklandi og Noregi. Óhætt er að segja að þessi riðill er sá sterkasti í úrslitakeppninni og bíður mjög erfitt verkefni íslensku leikmannanna. Fyrsti leikurinn verður gegn Frakklandi þann 24. ágúst 2009. KSÍ mun leggja allt kapp á að undirbúa íslenska liðið sem best fyrir úrslitakeppnina og kappkosta við að vanda alla umgjörð liðsins eins og kostur er.

**Tímamótaleikir**

Fyrirliði íslenska kvennalandsliðsins, Katrín Jónsdóttir, lék sinn 70. leik á árinu, gegn Finnlandi á Algarve Cup og sló þar með leikjamet Ásthildar Helgadóttur sem lék 69 leiki með A landsliði kvenna. Guðrún Sóley Gunnarsdóttir náði þeim merka áfanga að leika sinn 50. landsleik, á heimavelli gegn Slóveníu, og þá náðu þær Ásta Árnadóttir og Erla Steina Arnardóttir að leika sína 25. landsleiki í ár. Tveir nýliðar léku með landsliðinu á árinu, þær Rakel Hönnudóttir og Hallbera Guðný Gísladóttir.

**Lokaorð**

Allt frá árinu 1981, er fyrsti kvennalandsleikur Íslands var leikinn, hefur leiðin legið upp á við. Í fjórðu tilraun komumst við í gegnum umspilsleiki. Sá árangur er ekki tilviljun. Mikil rækt hefur verið lögð við yngri landslið kvenna og aðildarfélög KSÍ hafa lagt meira upp úr kvennaknattspyrnu en áður og eiga þau hrós skilið fyrir framlag sitt. Árangur liðsins í undankeppni EM 2009 er árangur allra sem að landsliðunum hafa komið frá upphafi, þjálfara, leikmanna, nefndarmanna, starfsmanna og þeirra fjölmörgu sem hafa lagt sitt af mörkum til liðsins. Sá árangur sem náðst hefur í fjölgun áhorfenda á heimavelli er frábær og stuðningur áhorfenda hefur skipt miklu máli á síðastliðnum tveimur árum. Þar hafa margir lagt sitt af mörkum og einnig spilar þar inn í aukin umfjöllun fjölmiðla um landsliðið.

Þeim sem hafa borið ábyrgð og leitt liðið á lokasprettinum til Finnlands eru þökkað frábær störf. Sigurður Ragnar Eyjólfsson, Guðni Kjartansson, Guðmundur Hreiðarsson, Halldóra Gylfadóttir, Svala Helgadóttir, Erla Ólafsdóttir og Reynir Björn Björnsson hafa staðið vaktina á bekk íslenska liðsins og stutt liðið með ráðum og dáðum. Þetta fólk hefur unnið ómetanlegt starf og við höfum fulla trú á því að það munu skila okkur góðum árangri í Finnlandi.

Samstarfsfólki mínu í landsliðsnefnd kvenna, starfsmanni nefndarinnar og öðrum þeim sem hafa aðstoðað okkur á árinu er þakkað fyrir vel unnin störf og ánægjulegt samstarf. Síðast en ekki síst er leikmönnum íslenska liðsins þakkað ómetanlegt framlag til íslenskrar knattspyrnu. Takk fyrir að láta drauminn okkar rætast.

*Kjartan Daníelsson, formaður*

# Skýrsla unglinganefndar kvenna

Unglinganefnd kvenna 2008: Ingibjörg Hinriksdóttir, formaður, Ásta B. Gunnlaugsdóttir, Gary Wake, Íris Björk Eysteinsdóttir, Jakob Skúlason og Sigrún Ríkharðsdóttir. Starfsmaður nefndarinnar var Klara Bjartmarz. Hlutverk unglinganefndar er umsjón með U19 og U17 liðum kvenna. Ólafur Þór Guðbjörnsson var þjálfari U19 og Kristrún Lilja Daðadóttir U17. Þá sinnti Þórður Þórðarson markmannsþjálfun. Sjúkraþjálfarar voru þær Elín Björg Harðardóttir (U17) og Guðrún Sigurðardóttir (U19). Hjörtur Þór Hauksson var læknir U19 og Ólafur Þór Gunnarsson var læknir U17. Liðsstjórar voru Ingigerður Júlíusdóttir (U19), Halldóra Gylfadóttir (U17) og Sigríður Fanney Pálsdóttir (U17).

**U19 – Leikmenn fæddir 1989 og síðar**

Í mars lék U19 liðið tvo vináttuleiki við Íra ytra og voru leikirnir undirbúningur fyrir milliriðla EM. Fyrri leikurinn í Írlandi gekk vel og sigraði Ísland í leiknum 1-0 með marki Hlínar Gunnlaugsdóttur. Skemmst er frá því að segja að síðari leikurinn gekk skelfilega, og varð niðurstaðan 8-0 tap. Í apríl voru milliriðlar EM þar sem leikið var í Belgíu. Fyrsti leikurinn var gegn liði heimamanna, Belga og tapaðist hann 0-1. Í öðrum leik liðsins varð niðurstaðan 2-2 jafntefli gegn Pólverjum, þar sem Berglind Björg Þorvaldsdóttir og Sara Björk Gunnarsdóttir skoruðu mörk Íslands. Íslenska liðið tapaði síðan lokaleik sínum í riðlinum gegn Englandi 0-1. Íslenska liðið hafnaði því í 3ja sæti riðilsins sem voru ákveðin vonbrigði.

**U19 – Leikmenn fæddir 1990 og síðar**

Í september tók nýtt U19 lið þátt í undankeppni EM 2009 og fór riðill Íslands fram í Ísrael. Fyrsti leikur liðsins var gegn liði heimamanna og sigraði íslenska liðið 2-1. Mörk Íslands gerðu þær Fanndís Friðriksdóttir og Ásta Einarsdóttir. Annar leikur liðsins var gegn Grikkjum og aftur fóru leikar 2-1. Að þessu sinni voru það þær Berglind Björg Þorvaldsdóttir og Fanndís Friðriksdóttir sem skoruðu mörk Íslands. Íslenska liðið tapaði hins vegar stórt í síðasta leik sínum í riðlinum, gegn Írum 5-1. Fanndís Friðriksdóttir var þó enn á skotskónum í leiknum og skoraði mark Íslands. Þessi árangur tryggði íslenska liðinu sæti í milliriðli EM sem fram fer í apríl 2009. Þar leikur íslenska liðið í riðli með Svíþjóð, Danmörku og Póllandi og fer riðillinn fram í Póllandi.

**U19 – Leikmenn fæddir 1991 og síðar**

Haustið 2009 hefst forkeppni fyrir EM U19 kvenna 2010. Leikið verður í Portúgal í september 2009 og erum við í riðli með heimamönnum, Sviss og Rúmeníu.

**U17 – Leikmenn fæddir 1991 og síðar**

Í mars lék U17 liðið í milliriðlum EM og fór riðill Íslands fram við erfiðar vallar- og vetraraðstæður í Danmörku. Íslenska liðið var á skotskónum í riðlinum en það dugði ekki til. Fyrsti leikurinn var gegn Rússlandi og tapaðist 3-4. Mörk Íslands gerðu Berglind Björg Þorvaldsdóttir, Íris Ósk Valmundsdóttir og Arna Ómarsdóttir. Annar leikur liðsins var gegn Dönum og tapaðist 2-4. Mörk Íslands gerðu þær Arna Sif Ásgrímsdóttir og Berglind Björg Þorvaldsdóttir. Síðasti leikur liðsins, gegn Finnum, tapaðist einnig 2-4. Þar gerðu mörk Íslands þær Heiða Dröfn Antonsdóttir og Andrea Ýr Gústavsdóttir.

**U17 – Leikmenn fæddir 1992 og 1993**

Í lok júní hófst opna Norðurlandamótið á Íslandi, en leikið var á Suðurlandi, á Suðurnesjum og í Reykjavík. Íslenska liðið hóf leik á Selfossi og tapaði naumlega 0-1 gegn Dönum. Annar leikur liðsins var gegn Norðmönnum í Þorlákshöfn þar sem íslenska liðið tapaði stórt, 2-6. Mörk Íslands í leiknum gerðu þær Freyja Viðarsdóttir og Silvía Rán Sigurðardóttir. Lokaleikur Íslands í riðlinum var leikinn á Hvolsvelli þar sem liðið tapaði 0-2 fyrir Þýskalandi. Íslenska liðið lék því um sjöunda sætið við Svíþjóð á ÍR-velli 5. júlí. Íslenska liðið vann langþráðan 2-0 sigur með mörkum þeirra Berglindar Bjargar Þorvaldsdóttur og Ástu Eirar Árnadóttur. Þýskaland var með yfirburðalið á mótinu og vann alla leiki sína af fádæma öryggi.

**U17 – Leikmenn fæddir 1992 og 1993**

Íslenska liðið lék í forkeppni EM í október á Ítalíu. Íslenska liðið hóf leik gegn sterku liðið Frakka og tapaði naumlega 0-1. Mark Frakkands kom í uppbótartíma. Annar leikur liðsins tapaðist einnig 0-1, nú gegn heimaliði Ítalía. Í lokaleik sínum í riðlinum gerði íslenska liðið 0-0 jafntefli gegn Azerum. Mjög

jákvætt var að liðið fékk ekki nema tvö mörk á sig í leikjunum þremur en að sama skapi eru það vonbrigði að ekkert mark skuli hafa verið skorað í keppninni og komst liðið því ekki áfram í milliriðla.

**U17 – Leikmenn fæddir 1993 og 1994**
Haustið 2009 hefst forkeppni fyrir EM U17 kvenna 2010. Leikið verður hér á landi í september og verða gestir okkar lið Ísraels, Þýskalands og Frakklands.

**Lokaorð**
Í gegnum tíðina hafa yngri liðin verið að styrkja sig jafnt og þétt. Þjálfarar þeirra hafa unnið metnaðarfullt og gott starf og hafa lagt sig fram um að vera í góðum tengslum við þjálfara félagsliða um allt land og jafnvel utan landsteinanna til að gefa sem flestum tækifæri meðal hinna bestu. Það er ljóst að með frábærum árangri A-landsliðsins í Evrópukeppninni skapast mörg sóknarfæri, og ef að líkum lætur mun stúlkum í knattspyrnu fjölga nokkuð. Nú sem aldrei fyrr er mikilvægt að hafa alla anga úti og tryggja þannig áframhaldandi uppbyggingu.

Þó árangur ársins sé að nokkru undir væntingum nefndarinnar er ljóst að framtíð kvennalandsliðanna er björt. Félögin hafa lagt metnað og talsverða fjármuni í að standa við bakið á stúlkunum og framfarir eru greinilegar. Þó vantar nokkuð á að liðin okkar búi yfir nægilegum stöðugleika. Sést það e.t.v. best á æfingaleikjum U19 gegn Írum í vor þar sem fyrri leikurinn vinnst 1-0 en sá síðari tapast 0-8. Þá lék liðið gegn sömu mótherjum í haust í undankeppni EM og tapaði 1-5. Í skýrslum, sem þjálfarar liðanna skiluðu inn til nefndarinnar, kemur fram að nokkuð vanti á að lykilleikmenn í báðum liðum sýni stöðugleika. Er þetta nokkuð sem nefndin og þjálfarar liðana þurfa að vinna í að bæta með félagsþjálfurum leikmannanna.

Um leið og ég þakka samstarfsfólki mínu í unglinganefndinni fyrir ánægjulegt samstarf þakka ég starfsfólki knattspyrnusambandsins fyrir þeirra framlag til yngri landsliða kvenna. Þá færi ég starfsmanni nefndarinnar, Klöru Ósk Bjartmarz, sérstakar þakkir fyrir hennar framlag, sem eins og svo oft áður er ómetanlegt og til heilla fyrir knattspyrnuna á Íslandi.

*Ingibjörg Hinriksdóttir, formaður*

# Skýrsla framkvæmdanefndar NM U17 kvenna

Fimmta hvert ár fellur Norðurlandamót U17 kvenna í hlut okkar Íslendinga í samræmi við samstarf Norðurlandanna þar um. Undirbúningur vegna NM U17 kvenna hófst að afloknu ársþingi KSÍ í febrúar 2008 þegar skipuð var framkvæmdanefnd sem í áttu sæti eftirtaldir: Ingibjörg Hinriksdóttir, formaður, Guðlaug Jónsdóttir, Guðrún Inga Sívertsen, Kjartan Daníelsson og Sigrún Ríkharðsdóttir. Klara Ósk Bjartmarz var starfsmaður nefndarinnar.

Fljótlega eftir að nefndin var skipuð fengu nefndarmenn sendan tölvupóst þar sem dagsetning mótsins kom fram, sem og hlutverk nefndarmanna í undirbúningi og þátttaka þeirra á meðan á mótinu stóð. Haldnir voru þrír formlegir fundir í nefndinni auk margra símafunda og tölvupóstsamskipta, einkum er nær dró mótinu. Því miður náðist ekki að manna nefndina að fullu á neinum af þeim þremur fundum sem haldnir voru.

**Leikvellir**
Í samræmi við vilja stjórnar KSÍ um að dreifa mótahaldi um landið eins og kostur væri var ákveðið að mótið skyldi haldið í Suðurkjördæmi, þ.e. annar riðillinn yrði með bækistöð á Suðurnesjum og hinn á Selfossi. Leikdagar voru ákveðnir 30. júní til 5. júlí, en allir leikir um sæti fóru fram á höfuðborgarsvæðinu. Í A-riðli voru Ísland, Danmörk, Noregur og Þýskaland, en í B-riðli léku Frakkland, Holland, Finnland og Svíþjóð. Leikir fóru fram á Selfossvelli, Hvolsvelli, Þorlákshafnarvelli, Garðsvelli, Sparisjóðsvellinum í Keflavík, Njarðvíkurvelli og Grindavíkurvelli. Leikir um sæti fóru fram á ÍR-velli, Fjölnisvelli, Valbjarnarvelli og Laugardalsvelli. Móttökur á öllum þessum völlum voru til mikillar fyrirmyndar og var ánægjulegt að sjá hversu mikinn metnað knattspyrnufólk þessara staða setti í undirbúning og framkvæmd leikja. Móttökur voru hlýjar og var viðurgjörningur góður á öllum stöðum.

Sem dæmi má nefna að á Hvolsvelli var sundlaug staðarins lokað á meðan leikir fóru þar fram þannig að sem best mætti búa að leikmönnum.

**Starfsfólk mótsins**

Nokkuð erfiðlega gekk að manna fylgdarfólk með þjóðunum, en þeir sem fengust til starfa stóðu sig með miklum sóma.
Á Selfossi stóð Hanna Dóra Markúsdóttir vaktina með mikilli prýði en hún hafði umsjón með þýska liðinu, Laufey Guðmundsdóttir var fylgdarmaður norska liðsins og Ingibjörg Hinriksdóttir var tengiliður við danska liðið. Hanna Dóra hafði bækistöð á Hótel Selfossi og var öllum þjóðunum innan handar ef skjótra úrlausna var þörf.
Í Keflavík voru þau Geir Hólmarsson og Ágústa Jóna Heiðdal allt í öllu, en Geir var fylgdarmaður Frakka og Hollendinga og Ágústa Jóna hafði umsjón með Svíum og Finnum. Þá bættist Bragi Brynjarsson í hópinn um miðja vikuna og var til staðar fyrir þjóðirnar ef og þegar á þurfti að halda. Auk þessara tóku nefndarmenn að sér ýmis verkefni á meðan á mótinu stóð, sem og Sigurður Enoksson í Grindavík.
Magnús Már Jónsson, dómarastjóri KSÍ, hafði yfirumsjón með dómurum mótsins, en þau ánægjulegu tíðindi áttu sér stað að þrjár íslenskar konur tóku þátt í dómgæslu á mótinu. Eins og venja er tóku flestir starfsmenn KSÍ þátt í störfum mótsins og er öllum þeim sem komu að málum færðar þakkir fyrir þeirra framlag til mótsins.

**Gististaðir**

Þátttökuþjóðirnar gistu á Hótel Selfossi (Þýskaland, Noregur og Danmörk), Hótel Örk í Hveragerði (Ísland), Hótel Keili (Finnland, Svíþjóð og dómarar), Hótel Keflavík (Frakkland) og Flughótel Keflavík (Holland). Það er ljóst að nokkuð óhagræði er af því að dreifa þjóðunum á svo mörg hótel og óneitanlega komu upp ýmis vandamál því tengd. Þau leystust þó öll farsællega og er þar ekki síst að þakka þeim vilja sem þjóðirnar sjálfar og fylgdarfólk þeirra settu sér að gera dvölina á Íslandi sem ánægjulegasta fyrir alla aðila.

**Félagslegir þættir**

Fararstjóraveisla var haldin í Bláa lóninu við fyrsta mögulega tækifæri, sem var að afloknum tveimur leikjum þann 2. júlí. Skemmst er frá því að segja að veislan heppnaðist með eindæmum vel og mun sjálfsagt lifa lengi í minningu þeirra sem hana sóttu. Er það ákaflega mikilvægt við mót sem þetta að reyna að koma á móttöku sem fyrst enda hefur það sýnt sig að öll samskipti verða léttari og óþvingaðri dagana á eftir.
Leikmannaveisla var haldin á Hilton Hótel Nordica í Reykjavík að afloknum úrslitaleiknum sem fram fór á þjóðarleikvanginum í Laugardal. Þar var þjóðunum boðið upp á léttan málsverð og leikmenn fengu tækifæri til að sýna listir sínar skamma stund. Heppnaðist sú veisla sömuleiðis vel og var bros á öllum þátttakendum á mótinu er þeir yfirgáfu Nordica undir kvöld þann 5. júlí.

**Lokaorð**

Eftir mótið er það mat undirritaðrar að það að hafa mót sem þetta utan höfuðborgarsvæðisins sé gott og þarft framtak til útbreiðslu knattspyrnunnar á Íslandi. Forsvarsmenn félaga sem komu að mótahaldinu sýndu mótinu og þátttökuþjóðunum fullan sóma og var frammistaða þeirra þeim og félögum þeirra til mikils prýði.
Reynt var að halda kostnaði við mótið í eins miklu lágmarki og hægt var, en vegna fjarlægða á milli leikvalla og æfingavalla varð rútukostnaður allnokkur. Þó tókst að ná góðum samningi við rútufyrirtækið Guðmund Jónasson sem lengi hefur verið einn af traustustu samstarfsaðilum KSÍ og munaði það miklu. Reynt var að fá styrktaraðila að mótinu en því miður varð ekki af því.
Öllum þeim sem komu að mótinu með einum eða öðrum hætti þakka ég framlag þeirra. Samstarfsfólki mínu í framkvæmdanefndinni þakka ég samstarfið sem og öllum starfsmönnum KSÍ. Þá fær Klara Bjartmarz sérstakar þakkir fyrir hennar þátt í að framkvæmd mótsins tókst jafnvel og raun varð á.

*Ingibjörg Hinriksdóttir, formaður*

# Landsleikir á starfsárinu

| Nr. | Leikdagur | Lið - Keppni | Land | Leikstaður | Leikur | Úrslit |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | lau. 02. feb | A karla - Mót á Möltu | Malta | Ta'Qali | Hvíta-Rússland - Ísland | 2-0 |
| 2 | mán. 04. feb | A karla - Mót á Möltu | Malta | Ta'Qali | Malta - Ísland | 1-0 |
| 3 | mið. 06. feb | A karla - Mót á Möltu | Malta | Ta'Qali | Armenía - Ísland | 0-2 |
| 4 | mið. 06. feb | U21 karla - EM 09 riðlakeppni | Kýpur | Paphos | Kýpur - Ísland | 2-0 |
| 5 | mið. 05. mar | A kvenna - Algarve Cup 2008 | Portúgal | Algarve | Ísland - Pólland | 2-0 |
| 6 | fös. 07. mar | A kvenna - Algarve Cup 2008 | Portúgal | Algarve | Írland - Ísland | 1-4 |
| 7 | mán. 10. mar | A kvenna - Algarve Cup 2008 | Portúgal | Algarve | Portúgal - Ísland | 0-3 |
| 8 | mið. 12. mar | A kvenna - Algarve Cup 2008 sæti | Portúgal | Algarve | Finnland - Ísland | 0-3 |
| 9 | sun. 16. mar | A karla - VL 2008 | Ísland | Kórinn | Ísland - Færeyjar | 3-0 |
| 10 | mán. 24. mar | U17 kvenna - Milliriðill EM 2008 | Danmörk | Vildbjerg | Ísland - Rússland | 3-4 |
| 11 | mið. 26. mar | A karla - VL 2008 | Slóvakía | Zlaté Moravce | Slóvakía - Ísland | 1-2 |
| 12 | fim. 27. mar | U17 kvenna - Milliriðill EM 2008 | Danmörk | Spjald | Danmörk - Ísland | 4-2 |
| 13 | fös. 28. mar | U19 kvenna - VL 2008 | Írland | Dublin | Írland - Ísland | 0-1 |
| 14 | lau. 29. mar | U17 kvenna - Milliriðill EM 2008 | Danmörk | Spjald | Ísland - Finnland | 2-4 |
| 15 | sun. 30. mar | U19 kvenna - VL 2008 | Írland | Dublin | Írland - Ísland | 8-0 |
| 16 | fim. 24. apr | U19 kvenna - Milliriðill EM 2008 | Belgía | Honsfeld | Ísland - Belgía | 0-1 |
| 17 | lau. 26. apr | U19 kvenna - Milliriðill EM 2008 | Belgía | Rocherat | Ísland - Pólland | 2-2 |
| 18 | sun. 27. apr | U19 karla - Milliriðill EM 2008 | Noregur | Moss | Noregur - Ísland | 2-3 |
| 19 | þri. 29. apr | U19 karla - Milliriðill EM 2008 | Noregur | Sarpsborg | Ísrael - Ísland | 0-1 |
| 20 | þri. 29. apr | U19 kvenna - Milliriðill EM 2008 | Belgía | Honsfeld | England - Ísland | 1-0 |
| 21 | fös. 02. maí | U19 karla - Milliriðill EM 2008 | Noregur | Sarpsborg | Búlgaría - Ísland | 2-1 |
| 22 | sun. 04. maí | A kvenna - VL 2008 | Finnland | Espoo | Finnland - Ísland | 1-1 |
| 23 | mið. 07. maí | A kvenna - VL 2008 | Finnland | Lahti | Finnland - Ísland | 0-0 |
| 24 | mið. 28. maí | A karla - VL 2008 | Ísland | Laugardalsvöllur | Ísland - Wales | 0-1 |
| 25 | mið. 28. maí | A kvenna - EM 2009 | Serbía | Kragujevac | Serbía - Ísland | 0-4 |
| 26 | fim. 12. jún | U21 karla - VL 2008 | Ísland | Vodafonevöllurinn | Ísland - Noregur | 1-4 |
| 27 | lau. 21. jún | A kvenna - EM 2009 | Ísland | Laugardalsvöllur | Ísland - Slóvenía | 5-0 |
| 28 | fim. 26. jún | A kvenna - EM 2009 | Ísland | Laugardalsvöllur | Ísland - Grikkland | 7-0 |
| 29 | mán. 30. jún | U17 kvenna - NM A riðill | Ísland | Selfossvöllur | Ísland - Danmörk | 0-1 |
| 30 | þri. 01. júl | U17 kvenna - NM A riðill | Ísland | Þorlákshafnarvöllur | Ísland - Noregur | 2-6 |
| 31 | fim. 03. júl | U17 kvenna - NM A riðill | Ísland | Hvolsvöllur | Þýskaland - Ísland | 2-0 |
| 32 | lau. 05. júl | U17 kvenna - NM úrslit | Ísland | ÍR-völlur | Ísland - Svíþjóð | 2-0 |
| 33 | mán. 28. júl | U17 karla - NM B riðill | Svíþjóð | Grebbestad | Noregur - Ísland | 4-1 |
| 34 | þri. 29. júl | U17 karla - NM B riðill | Svíþjóð | Kungshamn | England - Ísland | 1-0 |
| 35 | fim. 31. júl | U17 karla - NM B riðill | Svíþjóð | Uddevalla | Finnland - Ísland | 0-3 |
| 36 | lau. 02. ágú | U17 karla - NM leikir um sæti | Svíþjóð | Ljungskille | Skotland - Ísland | 1-0 |
| 37 | mið. 20. ágú | A karla - VL 2008 | Ísland | Laugardalsvöllur | Ísland - Aserbaídsjan | 1-1 |
| 38 | mið. 20. ágú | U21 karla - VL 2008 | Ísland | KR-völlur | Ísland - Danmörk | 0-2 |
| 39 | þri. 26. ágú | U18 karla - Tékklandsmót A riðill | Tékkland | Český Dub | Tékkland - Ísland | 2-0 |
| 40 | mið. 27. ágú | U18 karla - Tékklandsmót A riðill | Tékkland | Benátky n. J. | Noregur - Ísland | 2-1 |
| 41 | fös. 29. ágú | U18 karla - Tékklandsmót A riðill | Tékkland | Čelákovice | Ungverjaland - Ísland | 0-0 |
| 42 | fös. 05. sep | U21 karla - EM 09 riðlakeppni | Austurríki | Schwaz | Austurríki - Ísland | 1-0 |
| 43 | lau. 06. sep | A karla - HM 2010 | Noregur | Osló | Noregur - Ísland | 2-2 |
| 44 | mán. 08. sep | U19 karla - VL 2008 | Norður-Írland | Coleraine | Norður-Írland - Ísland | 2-0 |
| 45 | þri. 09. sep | U21 karla - EM 09 riðlakeppni | Ísland | Víkingsvöllur | Ísland - Slóvakía | 1-1 |
| 46 | mið. 10. sep | A karla - HM 2010 | Ísland | Laugardalsvöllur | Ísland - Skotland | 1-2 |
| 47 | mið. 10. sep | U19 karla - VL 2008 | Norður-Írland | Ballymoney | Norður-Írland - Ísland | 2-0 |
| 48 | mið. 24. sep | U19 kvenna - Undank. EM 2009 | Ísrael | Nahariya | Ísland - Ísrael | 2-1 |
| 49 | mið. 24. sep | U17 karla - Undank. EM 2009 | Ísland | Akranesvöllur | Ísland - Sviss | 1-2 |
| 50 | fös. 26. sep | U19 kvenna - Undank. EM 2009 | Ísrael | Nazareth | Ísland - Grikkland | 2-1 |
| 51 | fös. 26. sep | U17 karla - Undank. EM 2009 | Ísland | KR-völlur | Ísland - Úkraína | 1-2 |
| 52 | lau. 27. sep | A kvenna - EM 2009 | Frakkland | La Roche-Sur-Yon | Frakkland - Ísland | 2-1 |
| 53 | mán. 29. sep | U19 kvenna - Undank. EM 2009 | Ísrael | Herzliya | Írland - Ísland | 5-1 |
| 54 | mán. 29. sep | U17 karla - Undank. EM 2009 | Ísland | Vodafonevöllurinn | Ísland - Noregur | 0-0 |
| 55 | þri. 07. okt | U17 kvenna - Undank. EM 2009 | Ítalía | Garda | Frakkland - Ísland | 1-0 |
| 56 | fim. 09. okt | U17 kvenna - Undank. EM 2009 | Ítalía | Calmasino | Ítalía - Ísland | 1-0 |
| 57 | lau. 11. okt | A karla - HM 2010 | Holland | Rotterdam | Holland - Ísland | 2-0 |
| 58 | lau. 11. okt | U19 karla - Undank. EM 2009 | Makedónía | Skopje | Svíþjóð - Ísland | 3-3 |
| 59 | sun. 12. okt | U17 kvenna - Undank. EM 2009 | Ítalía | Garda | Ísland - Aserbaídsjan | 0-0 |
| 60 | mán. 13. okt | U19 karla - Undank. EM 2009 | Makedónía | Skopje | Austurríki - Ísland | 3-0 |
| 61 | mið. 15. okt | A karla - HM 2010 | Ísland | Laugardalsvöllur | Ísland - Makedónía | 1-0 |
| 62 | fim. 16. okt | U19 karla - Undank. EM 2009 | Makedónía | Skopje | Makedónía - Ísland | 1-0 |
| 63 | sun. 26. okt | A kvenna - EM 2009 - Aukaleikir | Írland | Dublin | Írland - Ísland | 1-1 |
| 64 | fim. 30. okt | A kvenna - EM 2009 - Aukaleikir | Ísland | Laugardalsvöllur | Ísland - Írland | 3-0 |
| 65 | mið. 19. nóv | A karla - VL 2008 | Malta | Paola | Malta - Ísland | 0-1 |

Landsleikir á árinu - A karla

Landsleikir á árinu - U21 karla

Landsleikir á árinu - U19 karla

Landsleikir á árinu - U17 karla

# Úrtökumót KSÍ að Laugarvatni – Drengir f. 1993

| Félag | Nafn | Félag | Nafn |
|---|---|---|---|
| Afturelding | Arnór Snær Guðmundsson | Hvöt | Hilmar Þór Kárason |
| BÍ | Emil Pálsson | Hvöt | Stefán Hafsteinsson |
| Breiðablik | Bjarki Freyr Ingvarsson | ÍA | Haukur A. Hjálmarsson |
| Breiðablik | Jón Gunnar Gunnarsson | ÍA | Teitur Pétursson |
| Breiðablik | Sverrir Ingi Ingason | ÍBV | Björn Sigursteinsson |
| Breiðablik | Þórhallur Lárusson | ÍR | Brynjar Örn Sigurðsson |
| Breiðablik | Tómas Óli Garðarsson | ÍR | Jón Gísli Ström |
| FH | Bjarki Már Benediktsson | KA | Jóhann Kristinsson |
| FH | Einar Karl Ingvarsson | KA | Jóhann Sigurjónsson |
| FH | Emil Atlason | Keflavík | Aron Ingi Valtýsson |
| FH | Kristján Gauti Emilsson | Keflavík | Ásgrímur Rúnarsson |
| Fjölnir | Arnar Ólafsson | Keflavík | Lukasz Malesa |
| Fjölnir | Aron Sigurðsson | KFR | Helgi Ármannsson |
| Fjölnir | Bjarni Gunnarsson | KR | Ingólfur Sigurðsson |
| Fjölnir | Magnús Már Arnarsson | KR | Marteinn Urbancic |
| Fram | Helgi Andrésson | Leiknir R. | Birkir Björnsson |
| Fram | Hörður B. Magnússon | Njarðvík | Arnór Ingvi Traustason |
| Fram | Ingvi Þór Hermannsson | Njarðvík | Helgi Már Vilbergsson |
| Fram | Viktor Sveinsson | Njarðvík | Óttar Norðfjörð |
| Fylkir | Andri Már Hermannsson | Selfoss | Ingvi Rafn Óskarsson |
| Fylkir | Benedikt Óli Breiðdal | Stjarnan | Darri Steinn Konráðsson |
| Fylkir | Ísak Björgvin Gylfason | Stjarnan | Davíð Guðjónsson |
| Grindavík | Elmar Ágúst Garðarsson | Þór | Geir Guðmundsson |
| Grótta | Arnar Þór Ólafsson | Þór | Marteinn Pálmason |
| Grótta | Kristinn Ólafsson | Þór | Ómar Friðriksson |
| Grótta | Sigurður S. Jónsson | Þróttur R. | Arnþór Ari Atlason |
| Grótta | Viggó Kristjánsson | Tindastóll | Björn A. Guðmundsson |
| Haukar | Alexander F. Sindrason | Tindastóll | Guðni B. Ásgeirsson |
| Haukar | Ásbjörn Björnsson | Víkingur Ó. | Ólafur Hlynur Illugason |
| HK | Hólmbert Friðjónsson | Víkingur R. | Jón Bragi Brynjólfsson |
| HK | Júlíus Geir Sveinsson | Völsungur | Arnþór Hermannsson |
| Höttur | Kristófer Kristjánsson | Völsungur | Þorsteinn Benediktsson |

# Úrtökumót KSÍ að Laugarvatni – Stúlkur f. 1993

| Félag | Nafn |
|---|---|
| Afturelding | Kristrún Halla Gylfadóttir |
| Breiðablik | Petra Rut Ingvadóttir |
| Breiðablik | Hildur Sif Hauksdóttir |
| Breiðablik | Þórdís Hrönn Sigfúsdóttir |
| FH | Maggý Lárentsínusdóttir |
| FH | Elísabet Guðmundsdóttir |
| FH | Kristín Guðmundsdóttir |
| Fjölnir | Harpa Lind Guðnadóttir |
| Fjölnir | Katrín Ragnarsdóttir |
| Grindavík | Sara Hrund Helgadóttir |
| Haukar | Kristín Ösp Sigurðardóttir |
| Haukar | Margrét Sif Magnúsdóttir |
| HK | Guðný Kristjana Magnúsdóttir |
| HK | Hildigunnur Sól Eldjárn Kristjánsdóttir |
| Hvöt | Anna Sigríður Valgeirsdóttir |
| ÍA | Heiður Heimisdóttir |
| ÍA | Hulda Margrét Brynjarsdóttir |
| ÍA | Guðrún Jónsdóttir |
| ÍBV | Sóley Guðmundsdóttir |
| ÍBV | Guðný Ósk Ómarsdóttir |
| ÍR | Eyrún Stefánsdóttir |
| KA | Eva Rún Þorsteinsdóttir |
| Keflavík | Sigurrós Eir Guðmundsdóttir |
| KR | Guðrún María Johnson |
| KR | Magnea Steiney Þórðardóttir |
| KS | Svava Stefanía Sævarsdóttir |
| Selfoss | Íris Sverrisdóttir |
| Sindri | Lejla Cardaklija |
| Stjarnan | Ástrós Anna Klemensdóttir |
| Stjarnan | Katrín Klara Emilsdóttir |
| Þór | Aldís Marta Sigurðardóttir |
| Þór | Brynja Dögg Sigurpálsdóttir |
| Þróttur R. | Þórdís María Aikman |
| Þróttur R. | Soffía Ummarin Kristinsdóttir |
| Tindastóll | Elísa Björk Einarsdóttir |
| Tindastóll | Snæbjört Pálsdóttir |
| Valur | Sigurlaug Guðrún Jóhannesdóttir |
| Valur | Svana Rún Hermannsdóttir |
| Valur | Fjona Gaxholli |
| Völsungur | Sigrún Lilja Sigurgeirsdóttir |

Landsleikir á árinu - A kvenna

Landsleikir á árinu - U19 kvenna

Landsleikir á árinu - U17 kvenna

# Skýrsla mótanefndar

Mótanefnd KSÍ var skipuð eftirfarandi einstaklingum: Lúðvík S. Georgsson, formaður, Atli Heiðar Þórsson, Björn Friðþjófsson, Guðmundur Ingvason, Karolína Jónsdóttir og Sigvaldi Einarsson.

Starfsfólk mótamála var Birkir Sveinsson mótastjóri, Guðlaugur Gunnarsson, Klara Bjartmarz og Þorvaldur Ingimundarson. Guðlaugur annaðist jafnframt mótahald knattspyrnuráðs Reykjavíkur skv. sérstökum samningi KRR og KSÍ og skipulagði Faxaflóamót í yngri flokkum í samvinnu við félögin.

**Úrslit leikja og stöðutöflur**
Öll úrslit leikja og helstu stöðutöflur móta koma fram í hinni glæsilegu bók Íslensk knattspyrna 2008 eftir Víði Sigurðsson, sem Tindur gefur út. Aðildarfélögum KSÍ hefur verið sent eintak af bókinni.

**Flokkun og fjöldi leikja**
Veruleg aukning varð á leikjum í keppni 11 manna liða. Sérstaklega er ánægjulegt að sjá að umfang keppni í 11 manna liðum yngri aldursflokka hefur aukist verulega. Leikjum fjölgaði einnig mikið í meistaraflokki þar sem skipulagi móta var breytt, en nánar um það síðar í skýrslunni. Í heild fækkaði þó leikjum lítilega frá fyrra ári sem skýrist aðallega af því að verulega hefur dregið úr fjölda leikja í Íslandsmótinu innanhúss ásamt því að leikjum í Pollamóti hefur fækkað jafnt og þétt undanfarin ár. Eftirfarandi töflur veita helstu upplýsingar um mótin 2008 og samanburð við árin á undan.

**Heildarfjöldi KSÍ leikja**

| Leikár | 2008 | 2007 | 2006 | 2005 | 2004 | 2002 | 2000 | 1998 | 1996 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Leikir samtals | 4.998 | 5.005 | 5.179 | 5.120 | 4.926 | 4.535 | 3.753 | 3.393 | 3.559 |

**Fjöldi KSÍ leikja í meistaraflokki**

| **Karlar** | **2008** | **2007** | **2006** | **2005** | **2004** |
|---|---|---|---|---|---|
| Íslandsmót | 575 | 530 | 469 | 452 | 452 |
| Bikarkeppni | 67 | 64 | 65 | 60 | 60 |
| Meistarakeppni | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Deildarbikar | 148 | 159 | 153 | 152 | 126 |
| U23 (áður 1. flokkur) | 39 | 54 | 56 | 50 | 66 |
| **Samtals** | **830** | **808** | **744** | **715** | **705** |

| **Konur** | **2008** | **2007** | **2006** | **2005** | **2004** |
|---|---|---|---|---|---|
| Íslandsmót | 167 | 175 | 164 | 136 | 135 |
| Bikarkeppni | 21 | 18 | 15 | 16 | 16 |
| Meistarakeppni | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Deildarbikar | 50 | 43 | 34 | 39 | 33 |
| **Samtals** | **239** | **237** | **214** | **192** | **185** |

**Fjöldi KSÍ leikja í yngri flokkum (11 manna lið)**

| **Karlar** | **2008** | **2007** | **2006** | **2005** | **2004** |
|---|---|---|---|---|---|
| Íslandsmót | 962 | 904 | 951 | 868 | 870 |
| Bikarkeppni | 55 | 55 | 54 | 58 | 58 |
| **Samtals** | **1017** | **959** | **1005** | **926** | **928** |

| **Konur** | **2008** | **2007** | **2006** | **2005** | **2004** |
|---|---|---|---|---|---|
| Íslandsmót | 387 | 298 | 337 | 304 | 231 |
| Bikarkeppni | 33 | 30 | 29 | 30 | 13 |
| **Samtals** | **420** | **328** | **366** | **334** | **244** |

**Fjöldi KSÍ leikja í yngri flokkum (7 manna lið)**

| **Karlar** | **2008** | **2007** | **2006** | **2005** | **2004** |
|---|---|---|---|---|---|
| Íslandsmót | 793 | 769 | 772 | 793 | 760 |
| Pollamót | 253 | 272 | 301 | 317 | 319 |
| **Samtals** | **1046** | **1041** | **1073** | **1110** | **1079** |

| **Konur** | **2008** | **2007** | **2006** | **2005** | **2004** |
|---|---|---|---|---|---|
| Íslandsmót | 487 | 496 | 508 | 538 | 460 |
| Hnátumót | 140 | 142 | 163 | 147 | 142 |
| **Samtals** | **627** | **638** | **671** | **685** | **602** |

**Fjöldi landsleikja og Evrópuleikja félagsliða**

| **Karlar** | **2008** | **2007** | **2006** | **2005** | **2004** |
|---|---|---|---|---|---|
| Landsleikir | 35 | 36 | 26 | 31 | 29 |
| Evrópuleikir félagsliða | 10 | 10 | 12 | 10 | 14 |
| **Samtals** | **45** | **46** | **38** | **41** | **43** |

| **Konur** | **2008** | **2007** | **2006** | **2005** | **2004** |
|---|---|---|---|---|---|
| Landsleikir | 30 | 26 | 21 | 16 | 23 |
| Evrópuleikir fél. | 6 | 6 | 8 | 8 | 3 |
| **Samtals** | **36** | **32** | **29** | **24** | **26** |

**Fjöldi annarra leikja**

| **Karlar** | **2008** | **2007** | **2006** | **2005** | **2004** |
|---|---|---|---|---|---|
| Íslandsmót innanhúss | 281 | 389 | 475 | 557 | 567 |
| Eldri flokkar | 139 | 115 | 80 | 107 | 125 |
| Framhaldsskólamót | 68 | 71 | 80 | 81 | 81 |
| **Samtals** | **488** | **575** | **635** | **745** | **773** |

| **Konur** | **2008** | **2007** | **2006** | **2005** | **2004** |
|---|---|---|---|---|---|
| Íslandsmót inni | 210 | 296 | 331 | 322 | 308 |
| Framh.skólamót | 40 | 45 | 43 | 26 | 29 |
| **Samtals** | **250** | **341** | **374** | **348** | **337** |

**Skipulag móta í meistaraflokki**
Árið 2007 var í fyrsta skipti leikið í 12 liða deild í 1. deild karla. Í ár var svo einnig fjölgað í 12 lið í Landsbankadeild karla og 2. deild karla. Einnig var í ár fjölgað úr 9 liðum í 10 í Landsbankadeild kvenna. Við þetta fjölgaði leikjum í landsdeildum um 92 milli áranna 2007 og 2008, eða um tæp 24%. Frá árinu 2006 þegar landsdeildir karla voru með 10 liðum og Landsbankadeild kvenna með 8 liðum hefur leikjum þessara móta fjölgað um 160 eða um 49%, þ.e. úr 326 leikjum 2006 í 486 leiki 2008. Þessi fjölgun leikja hefur haft í för mér sér meira álag á alla þá sem að mótamálum koma með einum eða öðrum hætti. Svigrúm við niðurröðun leikja er nánast ekkert, álag á þau lið sem taka þátt í Evrópukeppnum félagsliða hefur aukist, ásamt því að í 1. og 2. deild karla er ekki hægt að koma öllum leikjum fyrir um helgar þar sem ferðast er milli landshluta. Þessar staðreyndir eru allar þekktar og eiga því ekki að koma félögunum á óvart.

Í ár var haft náið samband við stjórn félags efstudeildarliða við ákvörðun á leikdögum í Landsbanka-deild karla. Nauðsynlegt reyndist að hafa þrautavaradag milli tveggja síðustu umferðanna í Landsbankadeild karla, ef ákeðin staða kæmi upp varðandi bikarkeppni og Evrópukeppni. Það fór svo að nýta þurfti daginn og tók það svolítið taktinn úr mótinu. Reyna þarf að koma í veg fyrir að þessi háttur verði hafður á í framtíðinni ef þess er kostur. Sumarið hefur þó ekki lengst þó að leikdögum hafi fjölgað. Þetta er því mikil áskorun fyrir mótanefnd.

Breyting var gerð á VISA-bikar karla. Nú komu félögin í Landsbankadeild karla inn í 32-liða úrslit ásamt því að dregið var frjálst. Þessi breyting mæltist vel fyrir og er líklegt að þarna sé formið komið sem notað verði til frambúðar.

Fjölgun liða í landsdeildum um 6 lið hjá körlunum og 2 hjá konunum hefur gert það að verkum að erfiðara er að halda úti svæðisbundinni riðlakeppni í neðstu deildum karla og kvenna, þ.e. í 1. deild kvenna og 3. deild karla. Til að mynda er keppni í norð/austur riðlum þessara móta vart nægilega áhugaverð vegna fárra liða.

**Aðsókn í Landsbankadeild karla**
Góð aðsókn var á leiki í Landsbankadeild karla í sumar og mættu að meðaltali 1.106 áhorfendur á hvern leik í deildinni. Þetta er næst besta aðsókn frá upphafi en 1.329 áhorfendur mættu að meðaltali á leikina árið 2007 sem er aðsóknarmet. Í ár voru í fyrsta skiptið 12 lið í efstu deild og fjölgaði leikjunum í deildinni því úr 90 í 132. Alls mættu 145.958 áhorfendur á leiki sumarsins, sem er met. Flestir áhorfendur mættu á heimaleiki KR, eða 1.931 að meðaltali. Með næst bestu aðsóknina að meðaltali voru Keflvíkingar, en 1.616 áhorfendur mættu á heimaleiki þeirra. Á heimaleiki Íslandsmeistara FH mættu svo 1.256 áhorfendur að meðaltali. KR var einnig með bestu meðalaðsóknina á útileiki sína, en þar var mjótt á mununum. Að meðaltali mættu 1.285 áhorfendur á útileiki KR, meðan 1.275 mættu á útileiki hjá Valsmönnum og 1.259 áhorfendur hjá FH. Best sóttur var leikur Keflavíkur og Fram í 22. umferðinni en 3.875 áhorfendur mættu á þann leik. Næst flestir komu á leik KR og Vals í 11. umferðinni, 3.158 áhorfendur. Flestir mættu á leiki 4. umferðar en þá komu 9.849 áhorfendur á leikina sex, sem gera 1.642 að meðaltali á leik. Fæstir áhorfendur mættu á leiki 20. umferðar, aðeins 3.922, eða 654 áhorfendur að meðaltali á leik.

| Landsbankadeild karla | 2008 | 2007 | 2006 | 2005 | 2004 | 2003 | 2002 | 2001 | 2000 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Áhorfendur samtals | 145.958 | 119.644 | 98.026 | 96.332 | 92.376 | 92.250 | 89.660 | 96.845 | 80.937 |
| Meðaltal á leik | 1.106 | 1.329 | 1.089 | 1.070 | 1.026 | 1.025 | 996 | 1.076 | 899 |

**Íslandsmót yngri flokka**
Fjölgað var í A og B deild í 2. flokki karla, úr 8 í 10 lið. Að öðru leyti var mótahald að mestu með hefðbundnu sniði. Þó var byrjað nokkrum dögum fyrr en venjulega og úrslitakeppnir færðar viku aftar þar sem því var við komið. Gert var tveggja vikna hlé á mótahaldi um mánaðamótin júlí/ágúst í 4. flokki og yngri aldursflokkum líkt og undanfarin ár.

Fjöldi liða í 2. flokki kvenna sem luku keppni í ár, var 14. Er það tveimur liðum fleira en 2007. Hugsanlega er að komast á jafnvægi í kvennaflokkunum eftir að aldursflokkaskiptingunni var breytt árið 2005.

Pollamót KSÍ hefur aldrei risið upp eftir að hætt var að halda úrslitakeppni mótsins á Laugarvatni, sem var afsprengi þess að ekki má lengur krýna landsmeistara í þessum aldursflokki. Dregið hefur verulega úr fjölda leikja sem fara fram í Polla- og Hnátumótinu. Ólíklegt er að það sé út af fækkun iðkenda

heldur frekar að framboð verkefna í þessum aldursflokki sé svo mikið að áherslan á að taka þátt í KSÍ mótinu er ekki eins mikil og áður, enda fer riðlakeppni mótsins fram á aðal sumarfrístímanum. Spurning er hvort mótahald í þessum aldursflokki eigi nokkuð að vera í höndum KSÍ.

Í skýrslum mótanefndar undanfarin ár hefur verið fjallað um þann hátt félaga að færa til leiki yngri flokka eftir að staðfest niðurröðun hefur verið gefin út. Ljóst má vera að nokkuð mörg félög þurfa að setja þjálfurum sínum meiri skorður í þessu, til að ekki sé verið að færa til leiki út af einhverjum minniháttar málum.

| | 2008 | 2007 |
|---|---|---|
| Fjöldi breytinga., annarra en í mfl.* | 578 | 462 |

** Breytingar á leikjum með samþykki mótanefndar.*
*Vitað er um mikinn fjölda breytinga sem gerðar eru án samráðs við mótanefnd.*

Skrifstofu KSÍ berast oft kvartanir út af framkvæmd leikja/móta í yngri aldursflokkum. Oftast snúast kvartanirnar um skoðanir viðkomandi á dómgæslu eða þá að viðkomandi hefur misboðið framkoma áhorfenda eða foreldra á hliðarlínunni. Mikilvægt er að málum verði þannig fyrir komið að leikur barnanna verði ekki fyrir truflun frá misvitrum kappsfullum foreldrum.

**U23 mót karla**

Af 12 liðum sem hófu þátttöku í keppni U23 ára liða luku 8 mótinu. Keppt var í tveimur 6 liða deildum. A-deildin kláraði alla sína leiki þó sumir þeirra hafi ekki farið fram fyrr en eftir að 2. flokkur hafði lokið keppni. Í B-deild var allt annað upp á teningnum, en þar fóru einungis 7 af 30 leikjum fram og luku þar bara 2 lið keppni. Þetta er 5. árið sem keppni varaliða hefur verið á þessu formi. Ávallt hefur verið vandamál hjá fjölda liða að klára mótið þrátt fyrir fögur fyrirheit á vordögum. Finna þarf form fyrir keppni varaliða sem gerir félögum kleift að standa sína plikt, ekki síst ljósi þess að leikjum tengdra liða (meistara- og 2. flokks) hefur fjölgað. Að öðrum kosti þarf hreinlega að skoða betur hvort þessi keppni eigi að fara fram.

**Íslandsmót í knattspyrnu innanhúss - Futsal**

Í ár var leikið í fyrsta skipti eftir reglum FIFA í öllum aldursflokkum. Mótafyrirkomulag í yngri aldursflokkum var óbreytt. Í meistaraflokki var hraðmótsformið lagt niður. Vegna kærumáls þurfti að endurtaka úrslitaleik mótsins í meistaraflokki karla.

Ákveðið var að bjóða Íslandsmeisturum í meistaraflokki karla að taka þátt í Evrópukeppni félagsliða í innanhúss knattspyrnu (Futsal). Vegna anna í öðrum mótum sá Valur sér ekki fært að taka þátt, en Víðir, sem varð í öðru sæti, fór fyrir hönd Íslands og tók þátt í forkeppni sem fram fór í Frakklandi. Því miður töpuðust allir leikirnir í keppninni. Með Víði í för var Þorvaldur Ingimundarson frá skrifstofu KSÍ sem með því aflaði sér þekkingar á þessum málaflokki.

Meðan vinsældir á Futsal aukast í Evrópu er ljóst að vinsældir innanhússfótboltans á Íslandi fara minnkandi með hverju árinu. Kemur það m.a. fram í því að leikjum hefur fækkað. Ástæðuna fyrir því má aðallega rekja til þess að með tilkomu fleiri knattspyrnugrasvalla og knattspyrnuhúsa hefur félögum á höfuðborgarsvæðinu nánast verið úthýst úr íþróttahúsunum. Hugsanlega þarf KSÍ að beita sér í þessum málum.

**Vanræksla, agabrot og sektir**

Í reglugerðum er kveðið á um sektir af ýmsum tilefnum. Vegna sérstakra aðstæðna í samfélaginu var ákveðið að fella niður sektir fyrir vanrækslu á að skrá úrslit og leikskýrslur í gagnagrunn KSÍ á réttum tíma. Heildarsektir á félögin í ár voru um 2,2 mkr., en voru um 3,2 mkr. árið 2007. Til viðbótar ganga kr. 800.000 milli félaga skv. reglugerð, vegna liða sem ekki mættu til leiks.

| | 2008 | 2007 | 2006 | 2005 | 2004 | 2003 | 2002 | 2001 | 2000 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi liða sem hættu þátttöku | 34 | 30 | 39 | 44 | 33 | 32 | 34 | 31 | 30 |
| Fjöldi leikja þar sem lið mætti ekki | 19 | 14 | 21 | 10 | 11 | 7 | 16 | 12 | 25 |

Þremur liðum var vísað úr móti samkvæmt reglugerð þar sem viðkomandi lið mætti ekki til leiks í tvígang.

**Úr ársskýrslu mótanefndar 1974:**
*"... skil á leikskýrslum, sem sumir aðila trassa fram úr hófi og brjóta þar með þær reglur, sem um þau eru. Þá eru sumar leikskýrslur sem berast þannig úr garði gerðar, að þar gleymist meira að segja að geta um úrslit."* - Við eigum enn við sama vandamál að stríða og árið 1974 með leikskýrslurnar.

## KRR-mót og Faxaflóamót

KSÍ annast skipulagningu þessarra umfangsmiklu móta skv. sérstöku samkomulagi. Leikjafjöldi kemur fram í töflunni hér að neðan. Haustmót KRR fór aftur á stað á árinu og skýrir það fjölgun leikja í KRR mótum, en mótið féll niður árið 2007. Fjölmennasta félagið í Reykjavík, Fjölnir, ákvað að taka ekki þátt í haustmótinu í ár til þess að þjálfarar félagsins gætu tekið út sitt sumarleyfi. Fækkun leikja varð í Faxaflóamótinu sem skýrist af því að haust-Faxaflóamótið féll niður vegna ónægrar þátttöku. Bent skal á að héraðssamböndum og öðrum samtökum félaga á öðrum landssvæðum stendur til boða þjónusta af hálfu KSÍ - með sama hætti og KRR og Faxaflóafélögin hafa nýtt sér í mótahaldi sínu.

| **Heildarfjöldi leikja** | **2008** | **2007** | **2006** | **2005** | **2004** | **2003** | **2002** | **2001** | **2000** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| KRR-mót | 1907 | 1750 | 1.927 | 2.105 | 2.075 | 2.104 | 1.753 | 1.295 | 1.139 |
| Faxaflóamót | 931 | 1167 | 1.065 | 1.016 | 1.252 | 1.131 | 711 | | |

## Lokaorð

Mótanefnd KSÍ og starfsfólk mótamála þakkar ánægjulegt samstarf við aðildarfélög sambandsins árið 2008. Formaður nefndarinnar þakkar einnig frábært samstarf við starfsmenn mótamála og nefndarmenn.

*Lúðvík S. Georgsson, formaður*

## Tölur yfir áhorfendur í Landsbankadeildinni 2008

| Félög | FH | KR | Valur | Fylkir | ÍA | Keflavík | Breiðablik | Fram | HK | Fjölnir | Þróttur | Grindavík | Alls heima | Meðaltal | Röð |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **KR** | 2237 | | 3158 | 1103 | 2011 | 1872 | 2123 | 2278 | 1032 | 2317 | 1023 | 2089 | 21.243 | 1.931 | **1** |
| **Keflavík** | 1298 | 1210 | 1920 | 948 | 2527 | | 1030 | 3875 | 960 | 1260 | 980 | 1767 | 17.775 | 1.616 | **2** |
| **FH** | | 2249 | 1120 | 827 | 1927 | 2107 | 683 | 1132 | 784 | 1127 | 1132 | 728 | 13.816 | 1.256 | **3** |
| **Breiðablik** | 987 | 1806 | 931 | 603 | 1002 | 1189 | | 602 | 1721 | 982 | 1268 | 965 | 12.056 | 1.096 | **4** |
| **Fjölnir** | 804 | 2132 | 1184 | 720 | 1224 | 586 | 1340 | 939 | 510 | | 1026 | 890 | 11.355 | 1.032 | **5** |
| **Valur** | 1774 | 907 | | 691 | 960 | 1353 | 1034 | 813 | 713 | 1714 | 482 | 845 | 11.286 | 1.026 | **6** |
| **Fylkir** | 1530 | 985 | 1684 | | 747 | 877 | 768 | 1068 | 1262 | 673 | 874 | 745 | 11.213 | 1.019 | **7** |
| **ÍA** | 1255 | 802 | 772 | 1082 | | 963 | 1544 | 1033 | 967 | 675 | 972 | 972 | 11.037 | 1.003 | **8** |
| **HK** | 1340 | 930 | 910 | 743 | 860 | 820 | 1100 | 677 | | 860 | 1073 | 427 | 9.740 | 885 | **9** |
| **Þróttur** | 1047 | 1107 | 623 | 582 | 863 | 845 | 1170 | 848 | 555 | 769 | | 563 | 8.972 | 816 | **10** |
| **Fram** | 508 | 1162 | 612 | 512 | 1201 | 824 | 758 | | 804 | 626 | 1132 | 602 | 8.741 | 795 | **11** |
| **Grindavík** | 1073 | 843 | 1114 | 610 | 460 | 830 | 953 | 560 | 610 | 927 | 744 | | 8.724 | 793 | **12** |
| **Alls úti** | 13.853 | 14.133 | 14.028 | 8.421 | 13.782 | 12.266 | 12.503 | 13.825 | 9.918 | 11.930 | 10.706 | 10.593 | 145.958 | | |
| **Meðaltal** | 1.259 | 1.285 | 1.275 | 766 | 1.253 | 1.115 | 1.137 | 1.257 | 902 | 1.085 | 973 | 963 | | **1.106** | |

# Þátttaka í mótum utanhúss 2008 - Fjöldi liða

| Ár | 2008 | ´07 | ´06 | ´05 | ´04 | ´03 | ´02 | ´01 | ´00 | ´99 | ´98 | ´97 | ´96 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Meistaraflokkur karla | 69 | 68 | 67 | 63 | 63 | 62 | 55 | 53 | 52 | 55 | 57 | 59 | 64 |
| U23 karla | 9 | 9 | 15 | 13 | 16 | 16 | 16 | 12 | 12 | 14 | 9 | 9 | 10 |
| Eldri flokkur karla 30+ | 10 | 9 | 10 | 10 | 15 | 15 | 17 | 18 | 18 | 18 | 17 | 19 | 22 |
| Eldri flokkur karla 40+ | 14 | 13 | 15 | 15 | 14 | 10 | 11 | | | | | | |
| 1. flokkur karla | 0 | | 0 | 0 | 0 | 11 | 19 | 14 | 16 | 16 | 18 | 18 | 18 |
| 2. flokkur karla | 29 | 30 | 29 | 30 | 29 | 31 | 26 | 30 | 29 | 28 | 26 | 27 | 29 |
| 2. flokkur karla B lið | 6 | 5 | 6 | 5 | 3 | | | | | | | | |
| 3. flokkur karla | 32 | 36 | 36 | 35 | 40 | 37 | 34 | 33 | 28 | 32 | 31 | 32 | 32 |
| 3. flokkur karla B lið | 23 | 16 | 16 | 15 | 13 | 10 | 9 | 5 | | | | | |
| 3. flokkur karla 7 manna | 3 | 6 | 7 | 3 | 4 | 8 | 9 | 19 | 19 | 23 | 26 | 21 | 26 |
| 4. flokkur karla A lið | 37 | 42 | 40 | 43 | 43 | 38 | 38 | 33 | 28 | 29 | 27 | 29 | 32 |
| 4. flokkur karla B lið | 25 | 21 | 24 | 27 | 24 | 20 | 14 | 15 | 15 | 11 | 8 | 12 | 13 |
| 4. flokkur karla C lið | 9 | 11 | 11 | 0 | 6 | 5 | 6 | 6 | | | | | |
| 4. flokkur karla 7 manna | 6 | 3 | 15 | 16 | 15 | 14 | 16 | 23 | 29 | 30 | 29 | 31 | 32 |
| 5. flokkur karla A lið | 48 | 43 | 49 | 53 | 52 | 58 | 54 | 47 | 46 | 50 | 47 | 44 | 47 |
| 5. flokkur karla B lið | 40 | 42 | 45 | 46 | 45 | 46 | 44 | 39 | 41 | 40 | 36 | 37 | 38 |
| 5. flokkur karla C lið | 30 | 33 | 28 | 28 | 27 | 23 | 27 | 26 | 25 | 27 | 22 | 19 | 18 |
| 5. flokkur karla D lið | 26 | 30 | 23 | 25 | 27 | 19 | 19 | 15 | | | | | |
| 6. flokkur karla A lið | 45 | 41 | 40 | 51 | 43 | 46 | 46 | 46 | 45 | 45 | 42 | 44 | 42 |
| 6. flokkur karla B lið | 32 | 35 | 38 | 39 | 39 | 35 | 44 | 35 | 34 | 36 | 37 | 36 | 35 |
| 6. flokkur karla C lið | 27 | 26 | 24 | 25 | 33 | 25 | 26 | 26 | | | | | |
| 6. flokkur karla D lið | 22 | 18 | 22 | 22 | 24 | 25 | 20 | 13 | | | | | |
| **Alls karla** | **542** | **537** | **560** | **564** | **575** | **554** | **550** | **508** | **437** | **454** | **432** | **437** | **458** |
| Meistaraflokkur kvenna | 22 | 24 | 22 | 20 | 21 | 23 | 20 | 17 | 19 | 22 | 21 | 22 | 22 |
| 2. flokkur kvenna | 14 | 12 | 10 | 11 | 15 | 14 | 13 | 13 | 13 | 13 | 13 | 13 | 16 |
| 2. flokkur kvenna 7 manna | 3 | 3 | 4 | 5 | 10 | 6 | 8 | 6 | | | | | |
| 3. flokkur kvenna | 19 | 16 | 20 | 22 | 23 | 21 | 17 | 16 | 14 | 14 | 9 | 13 | 21 |
| 3. flokkur kvenna B lið | 4 | | | | | | | | | | | | |
| 3. flokkur kvenna 7 manna | 11 | 13 | 14 | 13 | 18 | 17 | 16 | 16 | 19 | 20 | 20 | 20 | 12 |
| 4. flokkur kvenna A lið | 28 | 22 | 22 | 22 | 34 | 33 | 33 | 32 | 30 | 27 | 28 | 29 | 25 |
| 4. flokkur kvenna B lið | 8 | 13 | 9 | 6 | 25 | 19 | 20 | 18 | 15 | 16 | 15 | 15 | 15 |
| 4. flokkur kvenna C lið | 0 | 0 | 0 | 0 | 11 | 6 | 3 | 5 | | | | | |
| 4. flokkur kvenna 7 manna | 13 | 17 | 18 | 20 | | | | | | | | | |
| 5. flokkur kvenna A lið | 35 | 34 | 32 | 41 | 35 | 27 | 24 | 27 | 29 | 22 | 17 | 20 | 23 |
| 5. flokkur kvenna B lið | 28 | 26 | 23 | 30 | 32 | 17 | 17 | 22 | 16 | 17 | 11 | 13 | 17 |
| 5. flokkur kvenna C lið | 9 | 10 | 18 | 15 | | | | 5 | | | | | |
| 6. flokkur kvenna A lið | 25 | 31 | 32 | 33 | | | | | | | | | |
| 6. flokkur kvenna B lið | 23 | 12 | 25 | 26 | | | | | | | | | |
| 6. flokkur kvenna C lið | 8 | 9 | 7 | | | | | | | | | | |
| **Alls kvenna** | **250** | **242** | **256** | **264** | **224** | **183** | **171** | **177** | **155** | **151** | **134** | **145** | **151** |
| **Alls þátttaka** | **792** | **779** | **816** | **828** | **799** | **737** | **721** | **685** | **592** | **605** | **566** | **582** | **609** |

# Þátttaka í mótum innanhúss 2008 - Fjöldi liða

| | | | |
|---|---|---|---|
| Meistaraflokkur karla | 26 | Meistaraflokkur kvenna | 8 |
| 2. flokkur karla | 14 | 2. flokkur kvenna | 10 |
| 3. flokkur karla | 28 | 3. flokkur kvenna | 22 |
| 4. flokkur karla | 28 | 4. flokkur kvenna | 26 |
| 5. flokkur karla | 28 | 5. flokkur kvenna | 26 |
| **Alls karla** | **124** | **Alls kvenna** | **92** |
| | **Alls þátttaka** | **216** | |

# Sigurvegarar í mótum utanhúss 2008

## Íslandsmót

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Landsbankadeild karla** | FH | **Landsbankadeild kvenna** | Valur |
| **1. deild karla** | ÍBV | **1. deild kvenna** | ÍR |
| **2. deild karla** | ÍR | | |
| **3. deild karla** | Hamrarnir/Vinir | | |
| **Eldri flokkur karla 30+** | Keflavík | | |
| **Eldri flokkur karla 40+** | Breiðablik | | |
| **U23 karla** | KR | | |
| **2. flokkur karla** | Breiðablik/Augnablik | **2. flokkur kvenna** | ÍBV |
| **2. flokkur karla B-lið** | KR | **2. flokkur kvenna 7** | Stjarnan |
| **3. flokkur karla** | FH | **3. flokkur kvenna** | KR |
| **3. flokkur karla B-lið** | FH | **3. flokkur kvenna B-lið** | FH |
| **3. flokkur karla 7 manna** | Hrunamenn | **3. flokkur kvenna 7 manna** | Grindavík |
| **4. flokkur karla** | Haukar | **4. flokkur kvenna** | Valur |
| **4. flokkur karla B-lið** | Fjölnir | **4. flokkur kvenna B-lið** | FH |
| **4. flokkur karla C-lið** | KR | | |
| **4. flokkur karla 7 manna** | Keflavík | **4. flokkur kvenna 7 manna** | HK |
| **5. flokkur karla A-lið** | Stjarnan | **5. flokkur kvenna A-lið** | Afturelding |
| **5. flokkur karla B-lið** | Víkingur | **5. flokkur kvenna B-lið** | Fjölnir |
| **5. flokkur karla C-lið** | Fjölnir | **5. flokkur kvenna C-lið** | FH |
| **5. flokkur karla D-lið** | Þróttur R | | |
| **6. flokkur karla - Pollamót A-lið SV** | FH | **6. flokkur kvenna - Hnátumót A-lið SV** | Valur |
| **6. flokkur karla - Pollamót B-lið SV** | Fylkir | **6. flokkur kvenna - Hnátumót B-lið SV** | Valur |
| **6. flokkur karla - Pollamót C-lið SV** | KR | **6. flokkur kvenna - Hnátumót C-lið SV** | Víkingur R |
| **6. flokkur karla - Pollamót D-lið SV** | Fylkir | | |
| **6. flokkur karla - Pollamót A-lið NL/AL** | Þór | **6. flokkur kvenna - Hnátumót A-lið NL/AL** | KA |
| **6. flokkur karla - Pollamót B-lið NL/AL** | KA | **6. flokkur kvenna - Hnátumót B-lið NL/AL** | KA2 |

## Bikarkeppni

| | | | |
|---|---|---|---|
| **VISA-bikar karla** | KR | **VISA-bikar kvenna** | KR |
| **2. flokkur karla** | FH | **2. flokkur kvenna** | Breiðablik |
| **3. flokkur karla SV** | Fjölnir | **3. flokkur kvenna SV** | FH |
| **3. flokkur karla AL/NL** | Tindastóll/Hvöt | **3. flokkur kvenna NL** | Þór |

## Deildarbikarkeppni KSÍ

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Meistaraflokkur karla - A deild** | Valur | **Meistaraflokkur kvenna - A deild** | KR |
| **Meistaraflokkur karla - B deild** | ÍR | **Meistaraflokkur kvenna - B deild** | Þór/KA |
| **Meistaraflokkur karla - C deild** | Ýmir | **Meistaraflokkur kvenna - C deild** | Haukar |

## Meistarakeppni KSÍ

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Meistaraflokkur karla** | Valur | **Meistaraflokkur kvenna** | Valur |

# Sigurvegarar í innanhússmótum 2008

## Íslandsmót

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Meistaraflokkur karla** | Valur | **Meistaraflokkur karla** | Breiðablik |
| **2. flokkur karla** | Snæfellsnes | **2. flokkur kvenna** | KR |
| **3. flokkur karla** | Víkingur R. | **3. flokkur kvenna** | Breiðablik |
| **4. flokkur karla** | KR | **4. flokkur kvenna** | HK |
| **5. flokkur karla** | Breiðablik | **5. flokkur kvenna** | KS |

# Deildarkeppni karla og kvenna 2008

**Landsbankadeild karla**

| | Félag | L | U | J | T | Mörk | Net | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | FH | 22 | 15 | 2 | 5 | 50 - 25 | 25 | 47 |
| 2 | Keflavík | 22 | 14 | 4 | 4 | 54 - 31 | 23 | 46 |
| 3 | Fram | 22 | 13 | 1 | 8 | 31 - 21 | 10 | 40 |
| 4 | KR | 22 | 12 | 3 | 7 | 38 - 23 | 15 | 39 |
| 5 | Valur | 22 | 11 | 2 | 9 | 34 - 28 | 6 | 35 |
| 6 | Fjölnir | 22 | 10 | 1 | 11 | 39 - 33 | 6 | 31 |
| 7 | Grindavík | 22 | 9 | 4 | 9 | 29 - 36 | -7 | 31 |
| 8 | Breiðablik | 22 | 8 | 6 | 8 | 41 - 36 | 5 | 30 |
| 9 | Fylkir | 22 | 6 | 4 | 12 | 24 - 40 | -16 | 22 |
| 10 | Þróttur R. | 22 | 5 | 7 | 10 | 28 - 46 | -18 | 22 |
| 11 | HK | 22 | 5 | 3 | 14 | 26 - 47 | -21 | 18 |
| 12 | ÍA | 22 | 2 | 7 | 13 | 18 - 46 | -28 | 13 |

**Landsbankadeild kvenna**

| | Félag | L | U | J | T | Mörk | Net | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Valur | 18 | 17 | 0 | 1 | 91 - 15 | 76 | 51 |
| 2 | KR | 18 | 16 | 0 | 2 | 61 - 15 | 46 | 48 |
| 3 | Breiðablik | 18 | 11 | 2 | 5 | 46 - 34 | 12 | 35 |
| 4 | Þór/KA | 18 | 9 | 2 | 7 | 45 - 27 | 18 | 29 |
| 5 | Stjarnan | 18 | 6 | 4 | 8 | 26 - 34 | -8 | 22 |
| 6 | Afturelding | 18 | 6 | 2 | 10 | 16 - 35 | -19 | 20 |
| 7 | Fylkir | 18 | 6 | 1 | 11 | 23 - 45 | -22 | 19 |
| 8 | Keflavík | 18 | 5 | 3 | 10 | 29 - 50 | -21 | 18 |
| 9 | HK/Víkingur | 18 | 2 | 4 | 12 | 20 - 51 | -31 | 10 |
| 10 | Fjölnir | 18 | 2 | 2 | 14 | 14 - 65 | -51 | 8 |

**1. deild karla**

| | Félag | L | U | J | T | Mörk | Net | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ÍBV | 22 | 16 | 2 | 4 | 43 - 17 | 26 | 50 |
| 2 | Stjarnan | 22 | 14 | 5 | 3 | 47 - 22 | 25 | 47 |
| 3 | Selfoss | 22 | 14 | 4 | 4 | 54 - 36 | 18 | 46 |
| 4 | KA | 22 | 9 | 5 | 8 | 31 - 27 | 4 | 32 |
| 5 | Víkingur R. | 22 | 8 | 5 | 9 | 32 - 30 | 2 | 29 |
| 6 | Haukar | 22 | 8 | 4 | 10 | 36 - 42 | -6 | 28 |
| 7 | Leiknir R. | 22 | 7 | 5 | 10 | 33 - 40 | -7 | 26 |
| 8 | Þór | 22 | 7 | 4 | 11 | 31 - 42 | -11 | 25 |
| 9 | Fjarðabyggð | 22 | 5 | 9 | 8 | 31 - 37 | -6 | 24 |
| 10 | Víkingur Ó. | 22 | 5 | 9 | 8 | 19 - 29 | -10 | 24 |
| 11 | Njarðvík | 22 | 4 | 7 | 11 | 26 - 42 | -16 | 19 |
| 12 | KS/Leiftur | 22 | 1 | 9 | 12 | 17 - 36 | -19 | 12 |

**2. deild karla**

| | Félag | L | U | J | T | Mörk | Net | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ÍR | 22 | 18 | 3 | 1 | 63 - 27 | 36 | 57 |
| 2 | Afturelding | 22 | 12 | 4 | 6 | 48 - 25 | 23 | 40 |
| 3 | Víðir | 22 | 10 | 6 | 6 | 52 - 40 | 12 | 36 |
| 4 | Hvöt | 22 | 11 | 3 | 8 | 46 - 38 | 8 | 36 |
| 5 | Magni | 22 | 9 | 3 | 10 | 39 - 44 | -5 | 30 |
| 6 | Tindastóll | 22 | 6 | 9 | 7 | 36 - 37 | -1 | 27 |
| 7 | Grótta | 22 | 7 | 6 | 9 | 39 - 45 | -6 | 27 |
| 8 | Reynir S. | 22 | 6 | 7 | 9 | 45 - 56 | -11 | 25 |
| 9 | Höttur | 22 | 6 | 6 | 10 | 34 - 41 | -7 | 24 |
| 10 | Hamar | 22 | 6 | 4 | 12 | 37 - 49 | -12 | 22 |
| 11 | ÍH | 22 | 5 | 6 | 11 | 37 - 59 | -22 | 21 |
| 12 | Völsungur | 22 | 3 | 9 | 10 | 32 - 47 | -15 | 18 |

**Úrslitakeppni 3. deildar karla**

| | | |
|---|---|---|
| ***8 liða úrslit – Fyrri leikir*** | | |
| Ýmir – BÍ/Bolungarvík | Kórinn | 2-1 |
| Hamrarnir/Vinir-Berserkir | ÍR-völlur | 1-0 |
| KV – Sindri | KR-völlur | 2-2 |
| Huginn – Skallagrímur | Seyðisfjarðarvöllur | 1-1 |
| ***8 liða úrslit – Seinni leikir*** | | |
| Berserkir-Hamrarnir/Vinir | Víkingsvöllur | 1-1 |
| BÍ/Bolungarvík – Ýmir | Skeiðisvöllur | 1-0 |
| Skallagrímur – Huginn | Skallagrímsvöllur | 2-1 |
| Sindri – KV | Sindravelli | 4-4 |
| ***Undanúrslit – Fyrri leikir*** | | |
| Hamrarnir/Vinir-Skallagrímur | ÍR-völlur | 2-2 |
| BÍ/Bolungarvík – KV | Skeiðisvöllur | 4-2 |
| ***Undanúrslit – Seinni leikir*** | | |
| Skallagrímur-Hamrarnir/Vinir | Skallagrímsvöllur | 1-3 |
| KV – BÍ/Bolungarvík | KR-völlur | 0-4 |
| ***Úrslitaleikur*** | | |
| BÍ/Bolungarvík-Hamrarnir/Vinir | Torfnesvöllur | 1-3 |

***Hamrarnir/Vinir og BÍ/Bolungarvík færast úr 3. deild upp í 2. deild***

**Úrslitakeppni 1. deildar kvenna**

| | | |
|---|---|---|
| ***Undanúrslit – Fyrri leikir*** | | |
| Höttur – ÍR | Vilhjálmsvöllur | 0-3 |
| GRV – Völsungur | Grindavíkurvöllur | 3-1 |
| ***Undanúrslit – Seinni leikir*** | | |
| ÍR – Höttur | ÍR-völlur | 6-0 |
| Völsungur – GRV | Húsavíkurvöllur | 1-4 |
| ***Úrslitaleikur*** | | |
| GRV – ÍR | Njarðvíkurvöllur | 1-4 |

***ÍR og GRV færast úr 1. deild kvenna upp í Landsbankadeild***

# VISA-bikar karla 2008

| 1. umferð | | |
|---|---|---|
| Höfrungur - Skallagrímur | Þingvöllur | 0-4 |
| KFG - Augnablik | Stjörnuvöllur | 0-1 |
| Snæfell - Grundarfjörður | Stykkishólmsvöllur | 0-3 |
| Völsungur - Magni | Húsavíkurvöllur | 1-3 |
| Tindastóll - Kormákur | Sauðárkróksvöllur | 2-1 |
| KV - Ýmir | KR-völlur | 3-4 |
| Þróttur V. - Gnúpverjar | Vogavöllur | 3-1 |
| Ægir - Elliði | Þorlákshafnarvöllur | 1-2 |
| Reyðarfjörður - Boltaf. Norðfj. | Fjarðabyggðarhöllin | 4-3 |
| Hrunamenn - Árborg | Selfossvöllur | 0-4 |
| Berserkir - Kjalnesingar | Framvöllur | 3-0 |
| Leiknir F. - Spyrnir | Fjarðabyggðarhöllin | 1-3 |
| Hvíti riddarinn - UMFL | Varmárvöllur | 3-2 |
| Álftanes - Hamrarnir/Vinir | Bessastaðavöllur | 1-3 |
| KFR - KB | Hvolsvöllur | 2-4 |
| Dalvík/Reynir - Hvöt | Árskógsvöllur | 0-1 |

| 2. umferð | | |
|---|---|---|
| KFS - Ýmir | Vestmannaeyjavöllur | 2-0 |
| Þór - KS/Leiftur | Akureyrarvöllur | 1-0 |
| Reyðarfjörður - Fjarðabyggð | Fjarðabyggðarhöllin | 0-17 |
| Sindri - Spyrnir | Sindravellir | 6-0 |
| ÍH - Stjarnan | Ásvellir | 2-4 |
| Skallagrímur - Selfoss | Skallagrímsvöllur | 1-4 |
| Hamrarnir/Vinir - Hamar | ÍR-völlur | 1-7 |
| Víkingur Ó. - Grótta | Ólafsvíkurvöllur | 0-1 |
| Elliði - Reynir S. | Framvöllur | 2-3 |
| Þróttur V. - Hvíti riddarinn | Vogavöllur | 3-0 |
| Tindastóll - Hvöt | Sauðárkróksvöllur | 0-5 |
| Leiknir R. - Augnablik | Leiknisvöllur | 8-4 |
| Höttur - Huginn | Fellavöllur | 5-1 |
| Njarðvík - KB | Njarðvíkurvöllur | 0-2 |
| Víkingur R. - Afturelding | Víkingsvöllur | 1-0 |
| ÍBV - ÍR | Hásteinsvöllur | 3-2 |
| Grundarfjörður - Berserkir | Grundarfjarðarvöllur | 1-5 |
| Víðir - Árborg | Garðsvöllur | 6-0 |
| Haukar - Afríka | Ásvellir | 12-0 |
| Magni - KA | Grenivíkurvöllur | 0-3 |

| 32-liða úrslit | | |
|---|---|---|
| Víkingur R. - Grótta | Víkingsvöllur | 1-0 |
| HK - ÍA | Kópavogsvöllur | 1-0 |
| Víðir - Þróttur V. | Garðsvöllur | 1-0 |
| ÍBV - Leiknir R. | Hásteinsvöllur | 2-0 |
| Haukar - Berserkir | Ásvellir | 2-1 |
| Grindavík - Höttur | Grindavíkurvöllur | 2-1 |
| Þróttur R. - Fylkir | Valbjarnarvöllur | 4-6 |
| Reynir S. - Sindri | Sparisjóðsvöllurinn | 3-0 |
| Breiðablik - KA | Kópavogsvöllur | 1-0 |
| Fjarðabyggð - FH | Eskifjarðarvöllur | 0-2 |
| Hamar - Selfoss | Grýluvöllur | 2-1 |
| Fram - Hvöt | Laugardalsvöllur | 2-1 |
| Fjölnir - KFS | Fjölnisvöllur | 6-0 |
| Þór - Valur | Akureyrarvöllur | 0-1 |
| Keflavík - Stjarnan | Sparisjóðsv. Keflavík | 2-1 |
| KR - KB | KR-völlur | 1-0 |

| 16-liða úrslit | | |
|---|---|---|
| Haukar - HK | Ásvellir | 1-0 |
| Víðir - Fylkir | Garðsvöllur | 1-4 |
| Reynir S. - Grindavík | Sparisjóðsvöllurinn | 1-2 |
| Víkingur R. - Hamar | Víkingsvöllur | 3-0 |
| Fjölnir - ÍBV | Fjölnisvöllur | 2-1 |
| Keflavík - FH | Sparisjóðsv. Keflavík | 3-1 |
| KR - Fram | KR-völlur | 2-0 |
| Breiðablik - Valur | Kópavogsvöllur | 1-0 |

| 8-liða úrslit | | |
|---|---|---|
| KR - Grindavík | KR-völlur | 3-2 |
| Breiðablik - Keflavík | Kópavogsvöllur | 3-2 |
| Fjölnir - Víkingur R. | Fjölnisvöllur | 1-0 |
| Haukar - Fylkir | Ásvellir | 0-1 |

| Undanúrslit | | |
|---|---|---|
| Fylkir - Fjölnir | Laugardalsvöllur | 3-4 |
| Breiðablik - KR | Laugardalsvöllur | 1-1, v.1-4 |

| Úrslitaleikur | | |
|---|---|---|
| KR - Fjölnir | Laugardalsvöllur | 1-0 |

# VISA-bikar kvenna 2008

| Forkeppni | | |
|---|---|---|
| GRV - Þróttur R. | Grindavík | 4-3 |
| Fjarðabyggð/Leiknir - Höttur | Fjarðabyggðarhöllin | 0-4 |

| 1. umferð | | |
|---|---|---|
| Tindastóll - FH | Sauðárkróksvöllur | 0-4 |
| Völsungur - Þór/KA | Húsavíkurvöllur | 1-2 |
| ÍA - ÍR | Akranesvöllur | 3-2 |
| Höttur - Sindri | Fellavöllur | 2-3 |
| HK/Víkingur - Afturelding | Kópavogsvöllur | 1-3 |
| ÍBV - Fjölnir | Hásteinsvöllur | 1-3 |
| GRV - Fylkir | Sparisjóðsvöllurinn | 0-5 |
| Haukar - Stjarnan | Ásvellir | 0-4 |

| 2. umferð | | |
|---|---|---|
| FH - ÍA | Kaplakrikavöllur | 2-4 |
| Fjölnir - Fylkir | Fjölnisvöllur | 0-5 |
| Þór/KA - Sindri | Akureyrarvöllur | 4-0 |
| Stjarnan - Afturelding | Stjörnuvöllur | 1-0 |

| 8-liða úrslit | | |
|---|---|---|
| Þór/KA - Breiðablik | Akureyrarvöllur | 0-1 |
| Stjarnan - ÍA | Stjörnuvöllur | 2-1 |
| Fylkir - KR | Fylkisvöllur | 0-3 |
| Valur - Keflavík | Vodafonevöllurinn | 2-0 |

| Undanúrslit | | |
|---|---|---|
| Stjarnan - Valur | Stjörnuvöllur | 1-5 |
| KR - Breiðablik | KR-völlur | 4-2 |

| Úrslitaleikur | | |
|---|---|---|
| Valur - KR | Laugardalsvöllur | 0-4 |

# Skýrsla dómaranefndar

Dómaranefnd KSÍ var skipuð eftirfarandi aðilum: Þórarinn D. Gunnarsson, formaður, Ingi Jónsson, Egill Már Markússon, Eyjólfur Ólafsson, Eysteinn Guðmundsson, Kári Gunnlaugsson, Sigurður Hannesson og Vignir Þormóðsson. Birkir Sveinsson mótastjóri og Magnús Már Jónsson dómarastjóri önnuðust umsjón dómaramála KSÍ. Annað starfsfólk mótamála sinnti einnig margvíslegum verkefnum tengdum dómaramálum.

**Flokkun A, B og C deildardómara**

Valgeir Valgeirsson, Þorvaldur Árnason, Þóroddur Hjaltalín og Örvar Sær Gíslason bættust í A-hóp dómara 2008. Í A-hóp aðstoðardómara bættust við Áskell Þór Gíslason, Jóhann Gunnar Guðmundsson og Jóhann Gunnarsson. Í B-hóp dómara færðust Guðmundur Ársæll Guðmundsson, Gunnar Sverrir Gunnarsson, Vilhjálmur Alvar Þórarinsson og Þorvaldur Árnason sem reyndar var hækkaður upp um hóp í A-dómara á miðju sumri. Í B-hóp aðstoðardómara bættust Gylfi Már Sigurðsson og Smári Stefánsson. Nýir C-dómarar urðu Bjarni Hrannar Héðinsson, Gunnar Jarl Jónsson, Hákon Þorsteinsson, Ingvar Örn Gíslason, Jan Eric Jassen, Sigurhjörtur Snorrason, Þórður Már Gylfason og Gylfi Már Sigurðsson. Reyndar var Gylfi Már hækkaður upp í B-aðstoðardómara í byrjun sumars. Nýir C-aðstoðardómarar urðu Andri Vigfússon, Eðvarð Eðvarðsson og Jóhann Óskar Þórólfsson.

Í árslok 2008 var lokið flokkun ABC-dómara fyrir árið 2009. Vilhjálmur Alvar Þórarinsson mun bætast í A-hóp dómara og Frosti Viðar Gunnarsson og Smári Stefánsson munu bætast í A-hóp aðstoðardómara. Erlendur Eiríksson mun færast úr A-hóp í B-hóp. Gunnar Jarl Jónsson og Magnús Jón Björgvinsson færast upp í B-hóp dómara. Bryndís Sigurðardóttir og Halldór Breiðfjörð verða B-aðstoðardómarar. Nýir C-dómarar verða Eðvarð Atli Bjarnason, Ingi Freyr Arnarsson, Pétur Guðmundsson og Valdimar Pálsson. Einnig bætist Kristján T. Sigurðsson í hóp C dómara úr B hópi. Nýir C aðstoðardómarar verða Jón Magnús Guðjónsson, Kári Oddgeirsson, Marína Þórólfsdóttir, Rúnar Sigurðsson og Viðar Helgason. Árið 2009 verður 51 dómari í þessum hópi, en þeir voru 38 árið 2001.

Í lok sumars tilkynntu nokkrir reyndir dómarar um starfslok sín. Það voru þeir Einar Guðmundsson, Gunnar Gylfason, Jóhann Gunnarsson, Ólafur Ragnarsson og Sævar Jónsson. Dómaranefnd KSÍ þakkar þeim fyrir mikilvægt framlag til knattspyrnunnar og vonast til að njóta krafta þeirra í framtíðinni á öðrum sviðum dómaramála.

**Störf A, B og C deildardómara**

Sérstakt yfirlit fylgir skýrslunni, sem sýnir nöfn og flokkun dómara, ásamt sundurliðuðum fjölda verkefna í meistaraflokkum, U23 karla og í 2. flokki karla. Ótalin eru þá alþjóðleg störf dómara, leikir í úrslitakeppnum yngri flokka, leikir hjá eigin félögum, æfingaleikir og innanhúsmót.

| Innlend KSÍ-störf ABC-dómara | 2008 | 2007 | 2006 | 2005 | 2004 | 2003 | 2002 | 2001 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| • Störf sem dómari. | 692 | 676 | 680 | 687 | 686 | 655 | 667 | 556 |
| • Störf sem aðstoðardómari | 694 | 527 | 537 | 606 | 609 | 647 | 612 | 569 |
| • Störf sem varadómari | 68 | 39 | 42 | 36 | 29 | 28 | 32 | 34 |
| • Verkefni samtals | 1.454 | 1.252 | 1.259 | 1.329 | 1.324 | 1.330 | 1.311 | 1.159 |

**Aðrir KSÍ dómarar**

Um 70 aðrir dómarar (D-hópur) störfuðu einnig við meistaraflokksleiki, þar sem landsdómara er ekki krafist. Þetta eru mikilvæg störf sem dómarar í 3. deild karla, 1. deild kvenna, svo og sem aðstoðardómarar í Landsbankadeild kvenna og í 1. og 2. deild karla. Taflan sýnir fjölda starfa D-dómara í meistaraflokkum karla og kvenna.

| Innlend KSÍ-störf D-dómara | 2008 | 2007 | 2006 | 2005 | 2004 | 2003 | 2002 | 2001 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| • Störf sem dómari | 443 | 321 | 283 | 270 | 249 | 297 | 157 | 156 |
| • Störf sem aðstoðardómari | 793 | 887 | 745 | 742 | 694 | 693 | 694 | 644 |
| • Verkefni samtals | 1.236 | 1.208 | 1.028 | 1.012 | 943 | 990 | 851 | 800 |

Þess ber að geta að D-dómarar sinna einnig fjölda leikja í U23 og 2. flokki karla ásamt því að dæma í yngri flokkum eigin félaga, svo og í æfingaleikjum og leikjum í innanhúsmótum. Einnig má geta þess að á árabilinu 2006 – 2008 fjölgaði leikjum í landsdeildum um 49%.

**Milliríkjadómarar og erlend verkefni**
Áskell Þór Gíslason og Jóhann Gunnar Guðmundsson komu nýir á lista yfir FIFA aðstoðardómara í stað Eyjólfs Finnssonar og Gunnars Sverris Gunnarssonar. Íslenskir dómarar á millirikjalista FIFA voru þessir árið 2008:

| | | |
|---|---|---|
| FIFA-dómarar | Garðar Örn Hinriksson | Jóhannes Valgeirsson |
| | Kristinn Jakobsson | Magnús Þórisson |
| FIFA-aðstoðardómarar | Áskell Þór Gíslason | Einar Sigurðsson |
| | Gunnar Gylfason | Ingvar Guðfinnsson |
| | Jóhann Gunnar Guðmundsson | Oddbergur Eiríksson |
| | Sigurður Óli Þórleifsson | |

Öll alþjóðleg verkefni íslenskra dómara árið 2008 koma fram í sérstöku yfirliti.

**Kristinn Jakobsson**
Kristinn Jakobsson hefur með frammistöðu sinni á erlendum vettvangi brotið blað í íslenskri dómarasögu. Á árinu var hann valinn sem 4. dómari í úrslitakeppni EM og dæmdi í Meistaradeild UEFA. Frábær árangur.

**Norræn dómaraskipti**
Norræn dómaraskipti hófust 2005 í þeim tilgangi að auka þekkingu og reynslu dómara. Einar Örn Daníelsson og Eyjólfur Magnús Kristinsson tóku þátt í samstarfinu 2008 og dæmdu í næst efstu deildum í Danmörku og Færeyjum, einn leik í hvoru landi. Á Íslandi dæmdu Johan Hamlin frá Svíþjóð og Antti Munukka frá Finnlandi sinn leikinn hvor í 1. deild karla.
Á NM U17 karla fóru að þessu sinni Þóroddur Hjaltalín sem dómari og Gylfi Már Sigurðsson sem aðstoðardómari en þetta er í fyrsta sinn sem sendur eru aðstoðardómari á Norðurlandamót.

**Æfingaferðir dómara**
14 dómarar fóru til Portúgals, Spánar og Tyrklands í viku í mars og apríl og dæmdu leiki íslenskra liða sem þar voru í æfingaferðum á vegum Úrvals-Útsýnar.

**Þrekæfingar dómara**
Frá miðjum nóvember hófust æfingar undir leiðsögn Egils Eiðssonar á höfuðborgarsvæðinu svo og þremur aðstoðarmönnum hans sem staðsettir voru á Akureyri, Akranesi og Reykjanesbæ. Hann sá um að semja æfingaáætlun sem dómurum bar að fylgja eftir. Æft var tvisvar í viku undir leiðsögn þjálfara. Að öðru leyti æfðu dómarar sjálfir eftir prógrammi frá Agli. Ljóst er að þessar æfingar skiluðu dómurum almennt í mjög gott form. Þrekprófið frá FIFA var því nánast engin fyrirstaða þegar upp var staðið. Ljóst er þó að nokkrir dómarar þurfa að taka sig á hvað þetta varðar.

**Landsdómararáðstefna og fræðslufundir**
Ákveðið var að fjölga fundum með dómurum á árinu. Árleg ráðstefna fyrir deildardómara KSÍ fór fram í lok apríl og var haldin í Hveragerði. Erlendur fyrirlesari að þessu sinni var Jörn West Larsen frá Danmörku. Tveimur deildardómarafundum var bætt við og voru þeir haldnir í byrjun mars og í nóvember. Tveir fundir voru haldnir með dómurum úr A-hópi á keppnistímabilinu til að fara yfir það sem betur mátti fara í dómgæslunni. Fræðslufundir fyrir aðra KSÍ dómara voru haldnir að vori í Reykjavík og á Akureyri.

**Unglingadómaranámskeið**
Stjórn KSÍ tók þá ákvörðun að fella niður námskeiðsgjald á unglingadómaranámskeiðum. Haldin voru yfir 30 unglingadómaranámskeið hjá þeim félögum sem þess óskuðu. Þá buðu Fjölbrautaskóli Norðurlands Vestra, Háskólinn í Reykjavík, Verkmenntaskólinn á Akureyri og KHÍ upp á unglingadómaranámskeið sem valfag. Aldrei hafa jafnmargir verið útskrifaðir á einu ári eða 352. Þróun síðustu ára hefur verið þessi:

| | 2008 | 2007 | 2006 | 2005 | 2004 | 2003 | 2002 | 2001 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fjöldi nýrra unglingadómara** | 352 | 268 | 227 | 169 | 167 | 165 | 104 | 140 |

**Héraðsdómaranámskeið**
Gylfi Þór Orrason og Magnús Már Jónsson héldu námskeið fyrir héraðsdómara í Reykjavík, Akureyri og á Reyðarfirði. Alls voru þátttakendur 62.

**Kvendómarar**
Haldin voru sérstök námskeið ætluð konum. Í ár voru þrjár konur virkar í dómgæslu fyrir KSÍ og hafa aldrei verið fleiri. Stefnt er að því að fá enn fleiri konur til starfa árið 2009.

**Hæfileikamótun**
Rune Pedersen yfirmaður dómaramála í Noregi kom um miðjan apríl og hélt námskeið um hæfileikamótun.
Eyjólfur Ólafsson, Gylfi Þór Orrason og Pjetur Sigurðsson voru kennarar í hæfileikamótun Landsdómara. Nemendur Eyjólfs voru Örvar Sær Gíslason og Vilhjálmur Alvar Þórarinsson. Gylfi var með þá Þórodd Hjaltalín og Þorvald Árnason og Pjetur leiðbeindi Jóhanni Gunnari Guðmundssyni og Gylfa Má Sigurðssyni.
Á Laugarvatni voru haldin tvö námskeið fyrir unga og efnilega dómara í tengslum við úrtökumót yngri landsliða. Þátttakendur voru Egill Þórainsson, Ingi Fannar Arnarsson, Marína Þórólfsdóttir, Sindri Kristinsson, Viatcheslav Titov og Viktor Lekve. Garðar Örn Hinriksson er í hæfileikamótun hjá UEFA.

**Ráðstefnur og námskeið erlendis**
Eyjólfur Ólafsson, Egill már Markússon og Ingi Jónsson sóttu námskeið hjá UEFA fyrir eftirlitsmenn.
Pjetur Sigurðsson sótti námskeið á Englandi ætlað aðstoðardómurum.
Egill Már Markússon og Gylfi Þór Orrason sóttu lagaráðstefnuna í Danmörku.
Kristinn Jakobsson og Sigurður Óli Þorleifsson sóttu dómaranámskeið hjá UEFA.
Kristinn Jakobsson og Jóhannes Valgeirsson sátu ráðstefnu í boði enska knattspyrnusambandsins.
Eyjólfur Ólafsson og Þórarinn Gunnarsson fóru á ráðstefnu norskra FIFA dómara í boði norska knattspyrnusambandsins.

**Eftirlit með leikjum og störfum dómara**
36 eftirlitsmenn störfuðu við 486 leiki í landsdeildum og bikarkeppnum 2008. Skiluðu þeir skýrslum um framkvæmd leikja, frammistöðu dómara og um háttvísi í Landsbankadeild karla. Námskeið voru haldin með eftirlitsmönnum í mars í Reykjavík og á Akureyri. Einnig var sameiginlegur fundur landsdómara og valinna eftirlitsmanna í tengslum við Landsdómararáðstefnu í nóvember.

**Kostnaður vegna dómgæslu og eftirlits 2008**
Útgjöld KSÍ vegna dómgæslu 2008 voru 49,2 mkr, en þar af greiddu félögin um 12,7 mkr vegna ferða og uppihalds dómara (jöfnunarsjóðir). Stærsti liðurinn að venju var launagreiðslur til dómara (ásamt tryggingargjaldi og framlagi í lífeyrissjóð) 25,1 mkr. Hér er um verulega hækkun að ræða, en árið 2007 var þessi upphæð 20,5 m.kr.
Til viðbótar kom kostnaður að upphæð 3,7 mkr vegna eftirlits KSÍ á leikjum (ferðir og uppihald), en þar voru ekki greidd laun.

**Dómarasáttmáli UEFA**
Mikil vinna var lögð í að uppfylla þau skilyrði sem UEFA setti til þess að KSÍ gæti orðið aðili að Dómarasáttmálanum. Eins og staðan er núna í árslok 2008 eru allar líkur á að Ísland verði fljótlega tekið inn.

**Lokaorð**
Dómaranefnd KSÍ og starfsfólk dómaramála þakkar aðildarfélögum KSÍ, forráðamönnum þeirra, dómurum og eftirlitsmönnum ánægjulegt samstarf árið 2008.

*Þórarinn Gunnarsson, formaður*

Innlend verkefni dómara

Alþjóðleg verkefni dómara

# Skýrsla aga- og úrskurðarnefndar

Eftirtaldir voru skipaðir í nefndina á ársþingi KSÍ árið 2007 til tveggja ára og var því nefndin óbreytt frá síðasta starfsári: Kolbeinn Árnason, formaður, Gunnar Guðmundsson, varaformaður, Halldór Frímannsson, varaformaður, Einar M. Árnason, Helgi R. Magnússon, Sigrún S. Óttarsdóttir, Sigurður Ingi Halldórsson og Þröstur Ríkharðsson.

Aga- og úrskurðarnefnd hefur tvíþætt meginhlutverk, annars vegar úrskurðar nefndin í agamálum og hins vegar er nefndin úrskurðaraðili á fyrsta dómstigi í kærumálum. Nefndin starfar óháð KSÍ en hefur sér til aðstoðar starfsmenn skrifstofu KSÍ.

**Agamál**
Meðaltal gulra og rauðra spjalda í leikjum í 11 manna knattspyrnu breyttist nánast ekkert frá árinu 2007. Meðaltal gulra spjalda var það sama, eða 1,96 í leik, en meðaltal rauðra spjalda hækkaði úr 0,19% í 0,20%. Í efstu deildum karla og kvenna fjölgaði spjöldum lítillega á milli ára. Í Landsbankadeild karla fjölgaði gulum spjöldum úr 3,41% að meðaltali í leik í 3,46 og rauðum spjöldum fjölgaði úr 0,22% í 0,37%. Í Landsbankadeild kvenna fjölgaði gulum spjöldum úr 2,04 gul spjöld að meðaltali í leik í 2,26% og rauðum fjölgaði úr 0,15% í 0,16%.

Drago-stytturnar eru veittar háttvísustu liðunum í tveimur efstu deildum karla. Keflavík hlýtur Drago-styttuna fyrir árið 2008 á grundvelli háttvísismats eftirlitsmanna KSÍ en gul og rauð spjöld vega þungt í því mati. Haukar hljóta styttuna í 1. deild karla á grundvelli fjölda gulra og rauðra spjalda. Valur var prúðasta liðið í Landsbankadeild kvenna síðastliðið keppnistímabil en liðið hlaut 12 gul spjöld í leikjum sínum í deildinni og ekkert rautt spjald.

Sektir vegna refsistiga og brottvísunar þjálfara og forystumanna námu 752 þúsundum króna árið 2008 sem er umtalsverð hækkun frá árinu á undan (533 þúsund). Jafnframt er sektarákvæðum m.a. beitt vegna ónógrar gæslu og vegna ósæmilegrar hegðunar þjálfara, forystumanna og aðstandenda. Á árinu var sex sinnum sektað vegna þessa, samtals kr. 110.000, en árið 2007 námu þessar sektir 70.000 krónum.

**Kærumál**
Árið 2008 bárust 16 kærur til Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ og eins og svo oft áður var í flestum tilfellum um að ræða mál sem komu upp vegna gruns kæranda um ólöglega skipuð lið eða ólöglega leikmenn. Fjórum úrskurðum nefndarinnar í þessum málum var áfrýjað til áfrýjunardómstóls KSÍ.

Samstarfsmönnum í Aga- og úrskurðarnefnd og starfsmönnum nefndarinnar, er þakkað gott samstarf á árinu, sömuleiðis stjórnarmönnum KSÍ, dómurum, eftirlitsmönnum, leikmönnum og forystumönnum félaga.

*Kolbeinn Árnason, formaður*

## Sektir aga- og úrskurðarnefndar vegna refsistiga og brottvikninga af varamannabekk

| **Félag** | **Sekt** | **Félag** | **Sekt** | **Félag** | **Sekt** |
|---|---|---|---|---|---|
| Afríka | 4.000 | HK/Ýmir | 21.000 | Magni | 32.000 |
| Afturelding | 7.000 | Huginn | 8.000 | Njarðvík | 8.000 |
| Álftanes | 14.000 | Hvöt | 20.000 | Reynir S. | 16.000 |
| Berserkir | 24.000 | Höttur | 18.000 | Selfoss | 25.000 |
| BÍ/Bolungarvík | 19.000 | Höttur/Spyrnir | 1.000 | Selfoss/Árborg | 1.000 |
| Breiðablik | 16.000 | ÍA | 28.000 | Sindri | 20.000 |
| FH | 10.000 | ÍBV | 6.000 | Snæfellsnes | 1.000 |
| Fjarðabyggð | 10.000 | ÍH | 18.000 | Stjarnan | 1.000 |
| Fjölnir | 11.000 | ÍR | 10.000 | Tindastóll | 12.000 |
| Fram | 7.000 | KA | 9.000 | Valur | 10.000 |
| Fylkir | 20.000 | Keflavík | 10.000 | Víðir | 34.000 |
| Grindavík | 36.000 | KFG | 8.000 | Víkingur Ó. | 10.000 |
| Grindavík/Njarðvík | 8.000 | KFR | 5.000 | Víkingur R. | 23.000 |
| GRV | 2.000 | KFS | 16.000 | Víkingur/Berserkir | 18.000 |
| Hamar | 22.000 | KR | 17.000 | Völsungur | 20.000 |
| Haukar | 12.000 | KS/Leiftur | 6.000 | Þór | 14.000 |
| Haukar/ÍH | 4.000 | Leiknir F. | 10.000 | Þróttur R. | 4.000 |
| HK | 5.000 | Leiknir R. | 31.000 | Ægir | 12.000 |
| HK/Víkingur | 10.000 | Leiknir/KB | 8.000 | **Samtals** | 752.000 |

| **Fjöldi spjalda í mótum 2008** | | | | | | | **Fjöldi spjalda í mótum 2007** | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Mót | fjöldi leikja | gul | rauð | meðalt. gul | meðalt. rauð | | Mót | fjöldi leikja | gul | rauð | meðalt. gul | meðalt. rauð |
| Landsbankadeild karla | 132 | 457 | 49 | 3,46 | 0,37 | | Landsbankadeild karla | 90 | 307 | 20 | 3,41 | 0,22 |
| 1. deild karla | 132 | 524 | 41 | 3,97 | 0,31 | | 1. deild karla | 132 | 496 | 54 | 3,76 | 0,41 |
| 2. deild karla | 132 | 539 | 62 | 4,08 | 0,47 | | 2. deild karla | 90 | 304 | 28 | 3,38 | 0,31 |
| 3. deild karla A | 45 | 159 | 11 | 3,53 | 0,24 | | 3. deild karla A | 56 | 185 | 13 | 3,30 | 0,23 |
| 3. deild karla B | 45 | 164 | 25 | 3,64 | 0,56 | | 3. deild karla B | 56 | 225 | 22 | 4,02 | 0,39 |
| 3. deild karla C | 45 | 122 | 10 | 2,71 | 0,22 | | 3. deild karla C | 45 | 191 | 15 | 4,24 | 0,33 |
| 3. deild karla D | 30 | 131 | 11 | 4,37 | 0,37 | | 3. deild karla D | 42 | 139 | 5 | 3,31 | 0,12 |
| 3. deild karla úrslit | 14 | 71 | 8 | 5,07 | 0,57 | | 3. deild karla úrslit | 13 | 44 | 4 | 3,38 | 0,31 |
| | | | | | | | 3. deild karla aukaleikir | 6 | 17 | 2 | 2,83 | 0,33 |
| VISA-bikar karla | 67 | 206 | 13 | 3,07 | 0,19 | | VISA-bikar karla | 64 | 246 | 12 | 3,84 | 0,19 |
| Deildarbikar karla | 148 | 536 | 55 | 3,62 | 0,37 | | Deildarbikar karla | 159 | 518 | 68 | 3,26 | 0,43 |
| | | | | | | | | | | | | |
| Landsbankadeild kvenna | 90 | 203 | 14 | 2,26 | 0,16 | | Landsbankadeild kvenna | 72 | 147 | 11 | 2,04 | 0,15 |
| 1. deild kvenna A | 42 | 57 | 7 | 1,36 | 0,17 | | 1. deild kvenna A | 56 | 61 | 6 | 1,09 | 0,11 |
| 1. deild kvenna B | 30 | 23 | 0 | 0,77 | 0,00 | | 1. deild kvenna B | 42 | 47 | 6 | 1,12 | 0,14 |
| 1. deild kvenna úrslit | 5 | 8 | 1 | 1,60 | 0,20 | | 1. deild kvenna úrslit | 5 | 7 | 0 | 1,40 | 0,00 |
| VISA-bikar kvenna | 21 | 31 | 0 | 1,48 | 0,00 | | VISA-bikar kvenna | 18 | 31 | 1 | 1,72 | 0,06 |
| Deildarbikar kvenna | 50 | 57 | 4 | 1,14 | 0,08 | | Deildarbikar kvenna | 43 | 42 | 3 | 0,98 | 0,07 |
| | | | | | | | | | | | | |
| Meistarakeppni KSÍ | 2 | 5 | 0 | 2,50 | 0,00 | | Meistarakeppni KSÍ | 2 | 4 | 0 | 2,00 | 0,00 |
| | | | | | | | | | | | | |
| U23 karla | 39 | 48 | 4 | 1,23 | 0,10 | | U23 karla | 54 | 88 | 7 | 1,63 | 0,13 |
| 2. flokkur karla | 252 | 685 | 81 | 2,72 | 0,32 | | 2. flokkur karla | 212 | 612 | 71 | 2,89 | 0,33 |
| 3. flokkur karla | 350 | 426 | 53 | 1,22 | 0,15 | | 3. flokkur karla | 314 | 476 | 58 | 1,52 | 0,18 |
| 4. flokkur karla | 360 | 229 | 23 | 0,64 | 0,06 | | 4. flokkur karla | 378 | 220 | 24 | 0,58 | 0,06 |
| | | | | | | | | | | | | |
| 2. flokkur kvenna | 84 | 53 | 11 | 0,63 | 0,13 | | 2. flokkur kvenna | 60 | 44 | 6 | 0,73 | 0,10 |
| 3. flokkur kvenna | 127 | 40 | 3 | 0,31 | 0,02 | | 3. flokkur kvenna | 78 | 32 | 4 | 0,41 | 0,05 |
| 4. flokkur kvenna | 176 | 22 | 2 | 0,13 | 0,01 | | 4. flokkur kvenna | 160 | 8 | 4 | 0,05 | 0,03 |
| | | | | | | | | | | | | |
| 2. flokkur karla bikar | 27 | 70 | 7 | 2,59 | 0,26 | | 2. flokkur karla bikar | 28 | 87 | 8 | 3,11 | 0,29 |
| 3. flokkur karla bikar | 28 | 40 | 1 | 1,43 | 0,04 | | 3. flokkur karla bikar | 27 | 40 | 2 | 1,48 | 0,07 |
| 2. flokkur kvenna bikar | 14 | 8 | 3 | 0,57 | 0,21 | | 2. flokkur kvenna bikar | 13 | 8 | 2 | 0,62 | 0,15 |
| 3. flokkur kvenna bikar | 19 | 1 | 0 | 0,05 | 0,00 | | 3. flokkur kvenna bikar | 17 | 8 | 1 | 0,47 | 0,06 |
| | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | Eldri flokkur karla | 37 | 3 | 0 | 0,08 | 0,00 |
| | | | | | | | | | | | | |
| Samtals | 2506 | 4915 | 499 | 1,96 | 0,20 | | Samtals | 2369 | 4637 | 457 | 1,96 | 0,19 |

# Drago-styttur

## Landsbankadeild karla

### Háttvísimat eftirlitsmanna 2008

| Röð | Félag | Einkunn |
|---|---|---|
| 1 | Keflavík | 8,25 |
| 2 | Breiðablik | 7,90 |
| 3 | Fjölnir | 7,75 |
| 4 | Grindavík | 7,75 |
| 5 | Fram | 7,72 |
| 6 | HK | 7,72 |
| 7 | Valur | 7,53 |
| 8 | Þróttur R | 7,50 |
| 9 | FH | 7,48 |
| 10 | KR | 7,41 |
| 11 | Fylkir | 7,20 |
| 12 | ÍA | 7,13 |

### Gul og rauð spjöld

| Lið | Gul | Rauð | Refsistig |
|---|---|---|---|
| Keflavík | 21 | 2 | 29 |
| Fram | 39 | 1 | 43 |
| Breiðablik | 29 | 4 | 45 |
| FH | 35 | 3 | 47 |
| Fjölnir | 41 | 2 | 49 |
| HK | 40 | 3 | 52 |
| KR | 36 | 5 | 56 |
| Grindavík | 33 | 6 | 57 |
| Valur | 33 | 6 | 57 |
| Þróttur R. | 54 | 2 | 62 |
| Fylkir | 52 | 6 | 76 |
| ÍA | 44 | 9 | 80 |

**Keflavík hlaut Drago-styttuna í Landsbankadeild karla 2008 á grundvelli háttvísimats eftirlitsmanna KSÍ, en rauð og gul spjöld vega þungt í því mati.**

## 1. deild karla

### Gul og rauð spjöld

| Lið | Gul | Rauð | Refsistig |
|---|---|---|---|
| Haukar | 33 | 1 | 37 |
| Stjarnan | 34 | 1 | 38 |
| KA | 37 | 3 | 49 |
| Þór | 36 | 4 | 52 |
| ÍBV | 46 | 2 | 54 |
| Njarðvík | 44 | 3 | 56 |
| KS/Leiftur | 50 | 2 | 58 |
| Leiknir R. | 46 | 5 | 66 |
| Fjarðabyggð | 55 | 3 | 67 |
| Víkingur R. | 45 | 6 | 69 |
| Selfoss | 50 | 5 | 70 |
| Víkingur Ó. | 48 | 6 | 72 |

**Handhafi Drago-styttunnar í 1. deild karla 2008 er Haukar.**

# Skýrsla háttvísinefndar

Keflavík var prúðasta liðið í Landsbankadeild karla samkvæmt háttvísimati eftirlitsmanna KSÍ. Háttvísimatið tekur mið af eftirfarandi atriðum: Fjölda áminninga og brottvísana, sóknarleik (jákvæður leikur) og framkomu leikmanna við mótherja og dómara. Einnig er lagt mat á framkomu liðsstjórnar og áhorfenda.

Í Landsbankadeild kvenna var Valur prúðasta liðið, en þar var stuðst við fjölda spjalda á lið í mótinu.

Háttvísinefnd valdi Frey Bjarnason, FH, háttvísasta leikmanninn í Landsbankadeild karla og Maríu Björg Ágústsdóttur, KR, háttvísasta leikmanninn í Landsbankadeild kvenna. Freyr og María eru bæði þekkt fyrir prúðmennsku og háttvísi, innan vallar sem utan.

Að vali nefndarinnar komu meðal annars landsliðsþjálfarar KSÍ og Víðir Sigurðsson blaðamaður. Klara Bjartmarz var starfsmaður nefndarinnar.

# Skýrsla samninga- og félagaskiptanefndar

Samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ 2008 skipuðu Stefán Geir Þórisson, formaður, Lúðvík S. Georgsson og Steinar Þór Guðgeirsson. Varamenn voru Guðmundur H. Pétursson, Jóhann Albertsson og Örn Gunnarsson. Starfsmenn nefndarinnar voru Birkir Sveinsson og Klara Bjartmarz.

**Leikmannasamningar**

| | | 2008 | | 2007 | | 2006 | | 2005 | | 2004 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fj. í gildi 15/01/09** | **Fjöldi skráðra samninga*** | **Skr. samn** | **Fjöldi félaga** | **Skr. samn** | **Fjöldi félaga** | **Skr. samn** | **Fjöldi félaga** | **Skr. samn** | **Fjöldi félaga** | **Skr. samn** | **Fjöldi félaga** |
| 270 | Landsbankadeild karla | 198 | 12 | 153 | 10 | 211 | 10 | 168 | 10 | 119 | 10 |
| 169 | 1. deild karla | 130 | 12 | 90 | 11 | 123 | 10 | 103 | 10 | 79 | 10 |
| 83 | 2. deild karla | 64 | 7 | 25 | 5 | 50 | 7 | 60 | 9 | 44 | 7 |
| 17 | 3. deild karla | 7 | 1 | 28 | 3 | 9 | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 |
| 106 | Landsbankadeild kv. | 72 | 8 | 92 | 8 | 57 | 7 | 65 | 7 | 48 | 6 |
| 78 | 1. deild kvenna | 74 | 8 | 50 | 5 | 11 | 3 | 47 | 4 | 14 | 2 |
| | | | | | | | | | | | |
| 409 | Leikmannssamningar | 273 | 21 | 245 | 29 | 297 | 23 | 221 | 17 | 179 | 18 |
| 314 | Sambandssamningar | 272 | 26 | 193 | 29 | 164 | 23 | 223 | 22 | 111 | 20 |

* Fjöldi skráðra samninga á árinu er ekki það sama og fjöldi leikmanna á samningi.

**Málum vísað til nefndarinnar**

Flest ágreiningsefni sem upp koma eru leyst af skrifstofu KSÍ eða einstökum nefndarmönnum. Nokkuð var þó um að málum væri vísað til nefndarinnar til formlegrar úrlausnar. Eftirfarandi mál fengu formlega meðhöndlun:

*Kvörtun vegna starfa umboðsmanns*

Leiknir R. kvartaði undan því að Guðlaugur Þór Tómasson, KSÍ umboðsmaður, hefði sent félögum í Landsbankadeild karla upplýsingar um að Halldór Halldórsson, leikmaður hjá Leikni R., væri laus allra mála hjá félaginu og hefði áhuga á að ganga til liðs við félag í Landsbankadeild karla. Umræddur leikmaður var samningsbundinn Leikni. Guðlaugur var ekki með leyfi Leiknis fyrir þessum gjörningi og var honum í framhaldinu veitt aðvörun af hálfu nefndarinnar.

*Ósk um undanþágu vegna félagaskipta*

Grindavík óskaði eftir undanþágu á félagaskiptum fyrir Gilles Mbang Ondo á þeim tíma sem félagaskiptaglugginn var lokaður. Leikmaðurinn uppfyllti ekki skilyrði undanþáguákvæðisins og var óskinni því hafnað.

*Beiðni um útgáfu á keppnisleyfi*

Á síðustu tveimur klukkustundum lokadags félagaskipta 31. júlí bárust þrjú félagaskiptaeyðublöð ásamt beiðni um að framkvæmdastjóri KSÍ gæfi út keppnisleyfi til handa viðkomandi leikmönnum þar sem félögin sem leikmennirnir voru skráðir hjá neituðu að samþykkja félagaskiptin eða að ekki náðist í viðkomandi forráðamenn. Framkvæmdastjóri KSÍ taldi sig ekki hafa heimild til að gefa út keppnisleyfin þar sem ekki náðist að leita sátta samkvæmt reglugerð áður en lokað var fyrir

félagaskipti. Afturelding og Reynir S. fóru fram á að nefndin gæfi út keppnisleyfi fyrir viðkomandi leikmenn. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að málið heyrði ekki undir nefndina þar sem ekki væri heimild til málsskota á ákvörðunum framkvæmdastjóra af þessu tagi. Í framhaldinu fjallaði nefndin um þá ákvörðun Þróttar R. að neita Aftureldingu um félagaskipti fyrir Önnu Sigurðardóttur. Þróttur R. bar fyrir sig að leikmaðurinn væri á leikmannasamningi, en samningurinn hafði ekki verið skráður hjá KSÍ. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að Þróttur hefði ekki haft neinar gildar ástæður fyrir því að staðfesta ekki félagaskiptin. Nefndin ákvað að veita Þrótti R. áminningu af þessum sökum.

*Benis Krasnigi gegn HK*

Þann 28. júlí gerði Benis leikmannssamning við HK. Ekki fékkst afgreitt keppnisleyfi fyrir hann frá Kosovo (eða Serbíu) áður en lokað var fyrir félagaskipti 1. ágúst. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að af þeim sökum væru brostnar forsendur í samningnum og að HK bæri því ekki að efna samninginn.

**Breytingar á reglugerð KSÍ um félagskipti og samninga**

**a)** Gerð var breyting til samræmis við reglur Alþjóða knattspyrnusambandsins um félagaskipti á þann veg að leikmenn mega vera skráðir í þrjú félög á keppnistímabilinu, en í eldri reglum máttu leikmenn vera skráðir í þrjú félög á tímabilinu 1. júlí til 30. júní og leika með tveimur félögum. Jafnframt var opnað á þann möguleika að leikmenn geti leikið með þriðja félaginu ef farið er á milli landa sem hafa mismunandi keppnistímabil þ.e. vor-haust eða haust-vor.

**b)** Gerð var breyting til samræmis við reglur Alþjóða knattspyrnusambandsins um samninga leikmanna sem taka á því að félagi er óheimilt að semja við þriðja aðila um þátttöku í samningum leikmanna sem getur haft áhrif á sjálfstæði og stöðu félaga.

**c)** Í lok árs var gerð breyting á reglum er varða heimild framkvæmdastjóra til að gefa út keppnisleyfi. Í því tilfelli að félag neitar að staðfesta félagaskipti ósamningsundinna leikmanna við lok félagaskiptatímabils hefur framkvæmdastjóri nú tvo virka daga til að afgreiða slík mál.

**Umboðsmenn**

Á árinu voru fimm umboðsmenn starfandi, þeir sömu og árið áður. Það voru þeir Arnór Guðjohnsen, Guðlaugur Þór Tómasson, Magnús Agnar Magnússon, Ólafur Garðarsson, og Unnar Steinn Bjarndal. Átján umboðsmannasamningar (samningur leikmanns við umboðsmann) voru skráðir hjá skrifstofu KSÍ á árinu.

Einn einstaklingur tók umboðsmannapróf á árinu en stóðst ekki tilskildar kröfur.

**Félagaskipti**

Fjöldi félagaskipta í ár var 1.895 sem er fjölgun um 207 frá fyrra ári. Aukninguna í ár má að stórum hluta skýra með nákvæmari skráningu iðkenda í kjölfar þess að félagakerfi ÍSÍ (Felix) og gagnagrunnur KSÍ eru nú samtengdir. Af þeim sökum hafa félög ekki getað skráð sína iðkendur í kerfi ÍSÍ nema þeir séu rétt skráðir hjá KSÍ. Samfara þessu hefur félagaskiptum yngri iðkenda fjölgað.

Líkt og á síðasta ári þurfti starfsfólk KSÍ að grípa inn í nokkur mál þar sem forráðamenn félaga neituðu leikmönnum um félagaskipti. Í flestum tilfellum leystust slík mál á farsælan hátt en í þremur tilfellum gaf framkvæmdastjóri KSÍ út keppnisleyfi af þessum sökum. Engin undanþága var veitt vegna félagaskipta markvarða.

| | 2008 | 2007 | 2006 | 2005 | 2004 | 2003 | 2002 | 2001 | 2000 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fjöldi félagaskipta** | 1.895 | 1.688 | 1.639 | 1.427 | 1.246 | 1.257 | 1.078 | 1.096 | 1.105 |

Öðrum nefndarmönnum, starfsmönnum nefndarinnar svo og öðru starfsfólki KSÍ vil ég þakka gott samstarf.

*Stefán Geir Þórisson, formaður*

# Skýrsla fræðslunefndar

Í fræðslunefnd sátu starfsárið 2008-2009: Ingibjörg Hinriksdóttir formaður, Guðni Kjartansson, Kjartan Daníelsson, Sigurður Þórir Þorsteinsson, Vanda Sigurgeirsdóttir og Örn Ólafsson. Starfsmenn nefndarinnar voru Sigurður Ragnar Eyjólfsson fræðslustjóri og Dagur Sveinn Dagbjartsson. Nefndin hélt 7 bókaða fundi á starfsárinu og voru eftirfarandi mál efst á baugi á árinu.

**Þjálfaramenntun**
Nýr starfsmaður í fræðslumálum, Dagur Sveinn Dagbjartsson, tók til starfa 2. janúar og var Sigurði Ragnari Eyjólfssyni fræðslustjóra til aðstoðar. Ráðning hans endurspeglar þann mikla metnað sem KSÍ leggur í þjálfaramenntun og fræðslumál almennt. Með auknum mannafla í fræðslumálum tókst KSÍ að bæta enn frekar þá þjónustu sem sambandið veitir á vettvangi fræðslumála. Þannig mátti bæði sjá ýmis ný námskeið á árinu og aldrei í sögu KSÍ hafa jafnmargir komið á námskeið á okkar vegum.
Sigurður Ragnar Eyjólfsson fræðslustjóri lauk við UEFA Pro þjálfaragráðu hjá enska knattspyrnu-sambandinu um mitt ár og í kjölfarið var farið í að reyna að ná samningum við knattspyrnusambandið þar í landi um að þjálfarar frá Íslandi geti sótt sér slíka þjálfaragráðu hjá þeim. Slíkt verður þó háð samþykki bæði enska knattspyrnusambandsins og UEFA. Á þessu starfsári var lokið við þýðingu og prófarkalestur á nýrri þjálffræðibók í knattspyrnu eftir Dr. Jens Bangsbo og mun hún koma út á næsta starfsári. Fræðsla á vef KSÍ hefur aukist og nú má sjá þar myndbönd og pistla svo eitthvað sé nefnt. Stefnt er að því að auka fræðslu á vef KSÍ enn frekar á næsta starfsári.

**UEFA Pro þjálfaragráða**
Mikilvægur áfangi náðist undir lok ársins 2008 þegar enska knattspyrnusambandið samþykkti að KSÍ mætti senda tvær umsóknir fyrir íslenska þjálfara á UEFA-Pro þjálfaranámskeið í Englandi. Kynningarfundur fyrir þjálfara um umsóknarferlið og námskeiðið var haldinn 13. desember. Í kjölfarið sóttu 4 þjálfarar um og fræðslunefnd ákvað að mæla með þeim Willum Þór Þórssyni þjálfara Vals og Þorvaldi Örlygssyni þjálfara Fram. Enska knattspyrnusambandið ákveður í janúar ár hvert hverjir komast inn á námskeiðið þeirra.

**Námskeiðahald**
Algjör metþátttaka var á námskeiðum KSÍ á þessu starfsári. Haldin voru 18 þjálfaranámskeið á árinu og 5 þeirra fóru fram á landsbyggðinni. KSÍ hefur aldrei haldið fleiri námskeið á einu ári, en árið 2004 voru haldin 14 námskeið svo það met var slegið hressilega. Fjöldi námskeiða í boði jókst um 73% frá því í fyrra. Á öll námskeiðin mættu alls 563 þjálfarar en það er um 90% aukning frá því í fyrra og 37% aukning frá okkar fjölmennasta ári frá upphafi. Á meðal nýrra námskeiða sem boðið var upp á á árinu voru bikarúrslitaráðstefna kvenna, endurmenntunarnámskeið fyrir KSÍ-A þjálfara og grasrótarnámskeið fyrir þjálfara sem starfa í knattspyrnuskólum. Gríðarleg þátttaka hefur verið á þjálfaranámskeiðum KSÍ síðastliðin 6-7 ár og er ekki óvarlegt að ætla að um helmingur starfandi þjálfara á Íslandi hafi núna lokið við KSÍ-B (UEFA-B) þjálfararéttindi, en að baki þeirri gráðu eru 124 tímar í þjálfaramenntun. Alls hafa 295 þjálfarar lokið við KSÍ-B gráðuna og 88 þjálfarar hafa lokið við KSÍ-A gráðuna. Staðan á menntun þjálfara á Íslandi er því mjög góð.

Eins og undanfarin ár bárum við gæfu til þess að hafa mjög hæfa kennara á þjálfaranámskeiðunum okkar, en alls störfuðu 34 þjálfarar og sérfræðingar hjá okkur á þessu ári og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir góð störf: Arnar Bill Gunnarsson, Árni Ólason, Ásmundur Haraldsson, Bertha María Ársælsdóttir, Birkir Sveinsson, Brian Eastick, Elísabet Gunnarsdóttir, Eysteinn Húni Hauksson, Freyr Sverrisson, Friðrik Ellert Jónsson, Fríða Rún Þórðardóttir, Guðjón Þórðarson, Guðlaugur Gunnarsson, Guðmundur Hreiðarsson, Heimir Guðjónsson, Janus Guðlaugsson, John Peacock, Luka Kostic, Magni Fannberg Magnússon, Magnús Már Jónsson, Matthildur Ásmundsdóttir, Ólafur Jónsson, Ólafur Kristjánsson, Ólöf Ásta Farestveit, Pétur Ólafsson, Salóme Elín Ingólfsdóttir, Sigurður Ragnar Eyjólfsson, Sigurður Þórir Þorsteinsson, Skúli Skúlason, Vanda Sigurgeirsdóttir, Þorbjörg Sveinsdóttir, Þorkell Máni Pétursson, Þorlákur Árnason og Örn Ólafsson.

**Erlend samskipti**
Fulltrúar KSÍ sóttu fjölmargar ráðstefnu á árinu en hér eru taldar upp þær helstu:

- Örn Ólafsson og Sigurður Þórir Þorsteinsson fóru á Norðurlandaráðstefnu um íþróttir barna og unglinga sem haldin var á Laugarvatni, 5-7. júní.

- Ólafur Jóhannesson og Dagur Sveinn Dagbjartsson fóru á UEFA ráðstefnu A-landsliðsþjálfara og fræðslustjóra sem haldin var í Vín, Austurríki, 22-24. september.
- Þorlákur Árnason og Dagur Sveinn Dagbjartsson fóru á UEFA ráðstefnu um þjálfaramenntun sem haldin var í Lissabon, Portúgal 7-11. apríl.
- Sigurður Ragnar Eyjólfsson og Dagur Sveinn Dagbjartsson voru fulltrúar KSÍ á Norðurlandaráðstefnu um þjálfaramenntun sem haldin var í Stokkhólmi, Svíþjóð, 25.-28. nóvember.

**Fræðsluverkefni UEFA - UEFA study group scheme**
KSÍ tók þátt í stóru fræðsluverkefni á vegum UEFA á árinu sem nefnist UEFA study group scheme. Verkefnið snýst um að kynnast ólíkum þáttum knattspyrnunnar í öðrum löndum Evrópu. Verkefnið heldur áfram næstu 4 árin og verða 3-4 ferðir farnar á hverju ári. Tvær ferðir voru á þessu ári:

- 10 þjálfarar yngri flokka fóru frá félögum á landsbyggðinni að kynna sér þjálfun yngri flokka hjá svissneska knattspyrnusambandinu 3-6. nóvember.
- 10 þjálfurum úr Landsbankadeild kvenna ásamt Ólafi Guðbjörnssyni U19 landsliðsþjálfara kvenna var boðið til finnska knattspyrnusambandsins að kynna sér knattspyrnu kvenna í Finnlandi 25-28. nóvember.

**Styrkir KSÍ til fræðslumála**
KSÍ hóf að veita styrki til fræðslumála á þessu ári og var styrkurinn í formi farseðils á áfangastað Icelandair. 10-12 styrkir verða veittir árlega til þeirra sem vilja sækja sér fræðslu erlendis. Eftirfarandi styrkir voru veittir á þessu ári:

- Sigurður Þórir Þorsteinsson og Ómar Jóhannsson frá Knattspyrnuþjálfarafélagi Íslands hlutu styrk til að fara á ráðstefnu evrópska knattspyrnuþjálfarafélagsins í Frankfurt, Þýskalandi.
- Eysteinn Húni Hauksson, þjálfari yngri flokka hjá Grindavík, hlaut styrk til að kynna sér þjálfun yngri flokka og aðalliðs West Ham, Englandi.
- Þórarinn Einar Engilbertsson, yfirþjálfari yngri flokka kvenna hjá Haukum, hlaut styrk til að fara á alþjóðlegt þjálfaranámskeið hjá Hollenska knattspyrnusambandinu.
- Ragnar Haukur Hauksson, þjálfari meistaraflokks karla hjá KS/Leiftri, hlaut styrk til að kynna sér þjálfun hjá Bolton, Englandi.

**Útgáfumál**

- KSÍ gaf út Foreldrabækling KSÍ á fjórum tungumálum á árinu í samstarfi við Alþjóðahús og Landsbankann. Bæklingurinn er ætlaður til að styðja við þjálfara, foreldra og aðildarfélögin í knattspyrnustarfinu. Bæklingurinn tekur á mörgum veigamiklum þáttum, samskipti þjálfara og foreldra, hegðun gagnvart dómurum, stuðningshlutverk foreldra og margt fleira.
- KSÍ lauk við þýðingu og prófarkalestur á nýrri þjálffræðibók í knattspyrnu eftir Dr. Jens Bangsbo. Bókin mun koma út á næsta starfsári og ber nafnið Loftháð og loftfirrt þjálfun í knattspyrnu. KSÍ mun prenta hana í 800 eintökum, afhenda hana á þjálfaranámskeiðum KSÍ og bjóða hana einnig til sölu. Bókin leysir úr brýnni þörf á fræðsluefni á íslensku í þjálffræði knattspyrnunnar.

**Knattspyrnuskóli KSÍ**
Knattspyrnuskólar drengja og stúlkna fóru að venju fram að Laugarvatni. Hjá drengjunum fór skólinn fram dagana 16-20. júní en hann sóttu samtals 44 drengir. Freyr Sverrisson var skólastjóri og honum til aðstoðar Guðjón V. Guðjónsson. Skóli stúlknanna fór fram dagana 9.-13. júní og sóttu hann 34 stúlkur. Kristrún Lilja Daðadóttir og Íris Björk Eysteinsdóttir höfðu umsjón með stúlkunum og Kristín Arnþórsdóttir var þeim til aðstoðar. Þekktir þjálfarar og leikmenn komu í heimsókn í knattspyrnuskólana að vanda.

**Lokaorð**
Eins og lesa má hér að ofan hefur starfsemi fræðslusviðs KSÍ aldrei verið umfangsmeiri. Þetta mikla átak í fræðslumálum, sem unnið er undir stjórn Sigurðar Ragnars Eyjólfssonar fræðslustjóra, mun til framtíðar verða knattspyrnunni á Íslandi til framdráttar og styrkur fyrir þá sem að íþróttinni starfa.
Samstarfsmönnum mínum í fræðslunefndinni þakka ég fyrir ánægjulegt samstarf sem og starfsmönnum nefndarinnar þeim Sigurði Ragnari Eyjólfssyni fræðslustjóra og Degi Sveini Dagbjartssyni fyrir frábært starf.

*Ingibjörg Hinriksdóttir, formaður*

**Þjálfaranámskeið KSÍ árið 2008**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 18-20. janúar | KSÍ III | Reykjavík/Kópavogur | 45 þjálfarar |
| 18-20. janúar | KSÍ II | Reyðarfjörður | 16 þjálfarar |
| 25-27. janúar | KSÍ III | Akureyri | 21 þjálfari |
| 15-17. febrúar | Peacock & Co. | Reykjavík | 50 þjálfarar |
| 11-13. apríl | KSÍ V | Reykjavík | 24 þjálfarar |
| 1. júní | Grasrótarnámskeið | Reykjavík | 33 þjálfarar |
| 16. september | Þjálf. erlendis | Reykjavík | 60 þjálfarar |
| 20. september | Bikarúrslit kvenna | Reykjavík | 42 þjálfarar |
| 3-5. október | KSÍ IV | Reykjavík | 48 þjálfarar |
| 9-12. október | A endurmenntun | Hollandi | 14 þjálfarar |
| 10-12. október | KSÍ I | Reykjavík | 39 þjálfarar |
| 17-19. október | KSÍ Í | Reykjavík | 39 þjálfarar |
| 24-26. október | KSÍ I | Höfn, Hornafirði | 12 þjálfarar |
| 31. okt- 2. nóv | KSÍ II | Reykjavík | 20 þjálfarar |
| 14-16. nóv | KSÍ II | Reykjavík | 50 þjálfarar |
| 21-23. nóvember | KSÍ II | Höfn, Hornafirði | 16 þjálfarar |
| 21-23. nóvember | KSÍ V | Reykjavík | 24 þjálfarar |
| 28-30. nóvember | KSÍ II | Ísafjörður | 10 þjálfarar |

*Alls 18 námskeið og 563 þjálfarar*

**Fjöldi þjálfara sem sóttu þjálfaranámskeið KSÍ á árunum 2000-2008**




**Fjöldi þjálfaranámskeiða KSÍ á árunum 2000-2008**



# Skýrsla útbreiðslunefndar

Í útbreiðslunefnd sátu starfsárið 2008-2009: Ingibjörg Hinriksdóttir formaður, Björn Friðþjófsson, Einar Friðþjófsson, Guðmundur Ingvason og Jakob Skúlason. Starfsmenn nefndarinnar voru Guðlaugur K. Gunnarsson, Luka Kostic og Dagur S. Dagbjartsson. Haldnir voru 5 bókaðir fundir á árinu.

Helstu útbreiðsluverkefni ársins voru sparkvallaátak KSÍ, útbreiðsluverkefni í umsjón Lúkasar Kostic, umsókn um aðild að grasrótarsáttmála UEFA, ásamt smærri verkefnum. Skipun í nefndina var breytt frá fyrra ári þannig að nú sátu allir landshlutafulltrúar KSÍ í nefndinni ásamt formanni. Landshlutafulltrúarnir tilnefndu síðan þrjá fulltrúa í héraði með sér í landshlutanefnd sem funduðu sérstaklega.

**Útbreiðsluáætlun - útbreiðslustefna**
Unnið var samkvæmt þeirri áætlun sem samþykkt var á síðasta ársþingi. Skipaðir voru grasrótarfulltrúar félaganna í Landsbankadeild karla og kvenna og var skipt jafnt á milli karla og kvenna, en alls voru 16 félög með fulltrúa. Tóku þessir fulltrúar þátt í æfingum félaga á landsbyggðinni, mættu í verðlaunaafhendingar o.fl.

**Markmið KSÍ**
- Að allir fái tækifæri til að taka þátt í leik og starfi innan Knattspyrnusambands Íslands.
- Að fjölga iðkendum í knattspyrnu, sér í lagi á svæðum þar sem þátttaka er lítil.

**Knattspyrnuskólar**
Unnar hafa verið leiðbeiningar að gæðavottun fyrir knattspyrnuskóla sem ætlunin er að senda í skólana. Síðan munu starfmenn KSÍ fara í þá skóla sem óska þess og taka þá út og standist þeir kröfurnar munu þeir fá gæðavottun KSÍ.

**Námskeiðahald**
1. júní var haldið grasrótarnámskeið fyrir þjálfara þar sem félög sem starfrækja knattspyrnuskóla voru sérstaklega hvött til að senda leiðbeinendur og þjálfara skólanna á námskeiðið. 33 þátttakendur voru á námskeiðinu sem fram fór í höfuðstöðvum Knattspyrnusambands Íslands. Unnið var eftir námsskrá UEFA um grasrótarnámskeið fyrir þjálfara.

Knattspyrnusamband Íslands, Alþjóðahús og Landsbankinn gáfu út á nýjan foreldrabækling. Bæklingurinn hafði áður verið gefinn út á íslensku en að þessu sinni var hann gefinn út á fjórum tungumálum - íslensku, ensku, pólsku og spænsku. Markmið útgáfunnar er að kveikja áhuga barna af erlendum uppruna á því að stunda knattspyrnu og auðvelda foreldrum þeirra aðgang að foreldrastarfi félaganna.

**Grasrótarsáttmáli UEFA**
UEFA tilnefndi Timo Huttenen frá Finnlandi sem sérstakan ráðgjafa KSÍ varðandi umsókn KSÍ um fleiri grasrótarstjörnur. Guðlaugur vann umsókn að stjörnum 2–5 og eftir að hafa sent þau gögn til Timo og hann farið með þau fyrir Grasrótarpallborðsnefnd UEFA varð það úr að KSÍ mundi sækja um stjörnur þrjú og fjögur, sem UEFA hefur samþykkt og mun viðurkenning þess efnis verða afhent í mars 2009. Til að fá stjörnu nr. 2 þarf KSÍ að leggja meiri vinnu í knattspyrnu fatlaðra og koma að fleiri "social" verkefnum og til að fá stjörnu nr. 5 þarf að koma betur að einstökum grasrótarviðburðum óskráðra leikmanna, skólamótum o.fl.

**Ráðstefna um knattspyrnu fatlaðra**
Dagana 1. – 4. nóvember fór Guðlaugur Gunnarsson á ráðstefnu um knattspyrnu þroskaheftra sem haldin var á Kýpur í tengslum við smáþjóðaleika Special Olympics í knattpyrnu. Í framhaldi af því var boðað til fundar með ÍF, ÍFR og íþróttafélögum á höfuðborgarsvæðinu um hvernig mætti gera knattspyrnu fatlaðra hærra undir höfði.

**Viðurkenningar fyrir grasrótarviðburði**
Þróttur hlaut sérstaka viðurkenningu fyrir besta grasrótarviðburð ársins 2008 – ReyCup mótið, sem hefur um árabil verið haldið með miklum glæsibrag. Knattspyrnufélag ÍA, Akranesi fékk viðurkenningu

fyrir grasrótarviðburð ársins hjá fötluðum vegna knattspyrnumóts Special Olympics í Akraneshöll og undirbúning að knattspyrnuæfingum fyrir fatlaða sem hefjast eftir áramót 08/09. ÍR fékk viðurkenningu fyrir Drottningarmótið í eldri flokki, en mótið er fyrir konur á besta aldri.

**Ýmis smærri útbreiðsluverkefni árið 2008**
Haldnar voru fjórar æfingar fyrir fatlaða í samstarfi við ÍF í sumar. Þrjár æfingar fóru fram í Reykjavík og ein á Akureyri. Landsliðkonurnar Edda Garðarsdóttir, Ásta Árnadóttir og Rakel Hönnudóttir mættu á æfingarnar í Reykjavík og á Akureyri mættu Ólafur Jóhannesson landsliðþjálfari karla, Rakel Hönnudóttir og Gunnleifur Gunnleifsson og vakti það mikla lukku þátttakendana og foreldra þeirra. Einnig mættu grasrótarfulltrúar Landsbankadeildarfélaga á æfingar á Ísafirði og Akureyri ásamt því að mæta á verðlaunaafhendingar. Luka Kostic fór til Húsavíkur og fór með þjálfurum Völsungs til Raufarhafnar, Þórshafnar og í Lund í Öxarfirði þar sem settar voru upp æfingar fyrir krakkana á stöðunum. Hverfamiðstöðin í Breiðholti stóð einnig fyrir knattspyrnuæfingum fyrir krakka sem stunda ekki knattspyrnu að staðaldri og mætti Luka Kostic á æfingu hjá þeim. Luka Kostic fór til margra félaga vítt og breitt um landið og hélt marga fyrirlestra sem félögin lýstu mikilli ánægju með.

**Að lokum**
Sú breyting sem varð á skipan útbreiðslunefndar KSÍ á síðasta ársfundi er að mínu mati til mikilla bóta fyrir knattspyrnuna á Íslandi. Markmið nefndarinnar er að efla og styrkja hag knattspyrnunnar um land allt. Byggir starf okkar fyrst og fremst á þátttöku aðildarfélaga KSÍ og þar skipa landshlutafulltrúarnir lykilhlutverk. Það er mitt mat að nú um stundir skipti íþróttir meira máli en nokkru sinni. Innan íþróttafélags geta börn og unglingar leitað skjóls frá amstri dagsins og fengið stuðning og ráð frá félögum sínum og vinum innan hreyfingarinnar, hvort sem þar er um að ræða liðsfélaga, þjálfara eða stjórnarmenn.
Ég vil þakka öllum þeim sem komu að starfi nefndarinnar með einum eða öðrum hætti. Starfsfólki á skrifstofu KSÍ er þakkað samstarf og samvinna á starfsárinu. Sérstakar þakkir fá þeir Guðlaugur K. Gunnarsson, Luka Kostic og Dagur S. Dagbjartsson sem hafa verið starfsmenn nefndarinnar.

*Ingibjörg Hinriksdóttir, formaður*

# Knattspyrnuskóli KSÍ - Drengir fæddir 1994

| Félag | Nafn |
|---|---|
| Afturelding | Anton Ari Einarsson |
| Álftanes | Bragi Þór Kristinsson |
| Álftanes | Hlynur Snær Hilmarsson |
| Austri | Ásbjörn Þorsteinsson |
| BÍ | Matthías Króksnes Jóhannsson |
| Breiðablik | Höskuldur Gunnlaugsson |
| Dalvík | Hilmar Daníelsson |
| Einherji | Kristófer Einarsson |
| Fjölnir | Hannes Snorrason |
| Fram | Stefán Darri Þórsson |
| Fylkir | Ragnar Bragi Sveinsson |
| Grindavík | Gunnar Þorsteinsson |
| Grótta | Oddur Karl Heiðarsson |
| Haukar | Aran Nganpanya |
| HK | Ólafur Örn Eyjólfsson |
| Höttur | Anton Helgi Loftsson |
| Huginn | Jóhann Petur Vest |
| Hvöt | Guðbjartur Sindri Vilhjámsson |
| ÍA | Atli Albertsson |
| ÍBV | Jóhann Ingi Norðfjörð |
| ÍR | Steinar Haraldsson |
| KA | Arnór Dagur Dagbjartsson |
| Keflavík | Magnús Ari Brynleifsson |
| KFR | Reynir Óskarsson |
| Kormákur | Kristján Ársælsson |
| KR | Martin Hermannsson |
| KS | Andri Freyr Sveinsson |
| Leiknir F. | Ingimar Guðjón Harðarson |
| Leiknir R. | Skúli Bragason |
| Njarðvík | Aron Hlynur Ásgeirsson |
| Reynir S. | Runólfur Örn Árnason |
| Selfoss | Steinar Sigurjónsson |
| Sindri | Guðmundur Sævarsson |
| Skallagrímur | Valur Orri Valsson |
| Stjarnan | Snorri Páll Blöndal |
| Súlan | Björgvin Snær Ólafsson |
| Þór | Orri Sigurjónsson |
| Þróttur R. | Ólafur Frímann Kristjánsson |
| Tindastóll | Ingvi Rafn Ingvarsson |
| Valur | Breki Bjarnason |
| Víðir | Helgi Þór Jónsson |
| Víkingur R. | Róbert Rúnar Jack |
| Völsungur | Hafþór Már Aðalgeirsson |
| Ægir | Guðmundur Friðriksson |

# Knattspyrnuskóli KSÍ - Stúlkur fæddar 1994

| Félag | Nafn |
|---|---|
| Afturelding | Heiðrún Sunna Sigurðardóttir |
| Austri | Jónína Bjarney Bjarnadóttir |
| Álftanes | Rakel Pálmarsdóttir |
| Breiðablik | Tinna Björk Birgisdóttir |
| Dalvík | Kristín Valsdóttir |
| Fjölnir | Lovísa Mjöll Guðmundsdóttir |
| Fram | Íris Kristín Smith |
| Fylkir | Eva Núra Abrahamsdóttir |
| Grindavík | Herta Pálmadóttir |
| Grótta | Ásgerður Dúa Jóhannesdóttir |
| Haukar | Hildur Orradóttir |
| HK | Anna Margrét Benediktsdóttir |
| Höttur | Signý Ingólfsdóttir |
| ÍA | Maren Leósdóttir |
| ÍBV | Arney Lind Helgadóttir |
| ÍR | María Kristín Bjarnadóttir |
| KA | Helena Jónsdóttir |
| Keflavík | Arna Lind Kristinsdóttir |
| KFR | Fanney Úlfarsdóttir |
| Kormákur | Jóhanna Sævarsdóttir |
| KR | Helen Sævarsdóttir |
| Leiknir F. | Guðrún Svanhvít Sigurðardóttir |
| Selfoss | Karen Inga Bergsdóttir |
| Sindri | Karen Björg Halldórsdóttir |
| Skallagrímur | Svandís Björk Guðmundsdóttir |
| Stjarnan | Írunn Aradóttir |
| Tindastóll | Rakel Svala Gísladóttir |
| Valur | Hugrún Arna Jónsdóttir |
| Víðir | Bergrún Ásbjörnsdóttir |
| Víkingur R. | Krisrtín Hildur Ragnarsdóttir |
| Völsungur | Jóney Ósk Sigurjónsdóttir |
| Þór | Katla Ósk Káradóttir |
| Þróttur R. | Margrét Björg Ástvaldsdóttir |
| Ægir | Guðlaug Arna Hannesdóttir |

# Skýrsla mannvirkjanefndar

Í mannvirkjanefnd sátu eftirfarandi starfsárið 2008: Lúðvík S. Georgsson formaður, Ásthildur Helgasdóttir, Jón Runólfsson, Kristján Ásgeirsson, Rúnar Arnarson og Þorbergur Karlsson. Starfsmaður nefndarinnar var Jóhann G. Kristinsson.

Nefndin hélt alls 5 bókaða fundi á starfsárinu.

Helstu verkefni ársins voru eftirfarandi:

Reglugerð um knattspyrnuvelli og mannvirkjakafli leyfiskerfisins voru endurskoðuð með hliðsjón af nýrri reglugerð UEFA um knattspyrnuleikvanga, sem hefur að mestu tekið við af leyfiskerfi UEFA hvað varðar mannvirkjaþáttinn. Niðurstaðan var að vinna nýja reglugerð sem sameinar reglugerð um knattspyrnuvelli, mannvirkjakafla leyfiskerfis (að undanteknum þremur forsendum), og taka þar jafnframt upp nauðsynleg nýmæli úr reglugerð UEFA. Drög að nýrri reglugerð KSÍ um knattspyrnumannvirki liggja nú fyrir til samþykktar stjórnar KSÍ.

Eftirhreytum af sparkvallaverkefni KSÍ lauk á árinu með byggingu 11 sparkvalla, sem ekki tókst að ljúka haustið 2007 vegna veðurfars. Alls voru byggðir 112 sparkvellir á 5 árum með þessu átaki. Þetta sérstaka og vel heppnaða verkefni hlaut verðskuldaða athygli.

Að venju var farið yfir skráningu knattspyrnumannvirkja og ýtt eftir megni á að úrbætur yrðu gerðar þar sem aðstaðan er ófullnægjandi. Samþykkt var að leikir Fjölnis og Þróttar í Landsbankadeild karla gætu farið fram á heimavöllum félaganna á keppnistímabilinu, að uppfylltum bráðabirgðaskilyrðum um sæti fyrir a.m.k. 500-600 manns á völlunum, auk annarra skilyrða leyfiskerfisins og reglugerðar um knattspyrnuvelli.

Heimsókn Michael van Praag, varaformanns "Stadium and Security Committee" UEFA, og vettvangsskoðun hans á nokkrum af bestu keppnisvöllunum (Akranesvöllur, Hlíðarendi, Kópavogsvöllur, Kaplakriki, KR-völlur, og Víkingsvöllur) staðfesti vilja KSÍ að þessir vellir yrðu flokkaðir í UEFA-vallaflokk 2, sem þýðir að þeir duga fyrir Evrópuleiki félaga, ef gerðar eru sérstakar ráðstafanir vegna aðstöðu fjölmiðla, þegar þörf er á.

Unnið hefur verið að undirbúningi bæklings/vefsíðu um rekstur og viðhald grasvalla í samvinnu við SÍGÍ. Eftir nokkra byrjunarerfiðleika er málið vonandi að komast á rekspöl.

Loks má nefna tilraunaverkefni um upphitun valla, sem Landbúnaðarháskólinn kom á laggirnar á árinu og stýrir. Verkefnið er styrkt af Orkuveitu Reykjavíkur. Mannvirkjanefnd leggur til að KSÍ styrki einnig þetta verkefni.

Auk ofangreinds hefur nefndin verið til ráðgjafar félögum og sveitarfélögum vegna framkvæmda tengdum knattspyrnumannvirkjum, og stjórn KSÍ við úthlutun úr mannvirkjasjóði KSÍ.

Valsmenn léku á árinu sína fyrstu leiki á nýjum og glæsilegum leikvangi að Hlíðarenda, Vodafone-vellinum. Ný stúka við Kópavogsvöll var einnig formlega opnuð. Bæði þessi mannvirki eru hin glæsilegustu og bjóða upp á frábæra aðstöðu til handa áhorfendum, fjölmiðlum og öðrum. Aðstaðan býður þess utan upp á góða möguleika til þjónustu við vallargesti. Í Þorlákshöfn er í byggingu nýr leikvangur með stúku og sætum fyrir áhorfendur. Á Akureyri verður nýr leikvangur Þórsara tekinn í notkun á árinu 2009, með glæsilegri aðstöðu fyrir áhorfendur. Þá standa yfir miklar framkvæmdir við Kaplakrika í Hafnarfirði og að þeim loknum verður sá leikvangur einn sá stærsti og glæsilegasti á landinu.

Undirritaður vill að lokum þakka samstarfsmönnum í mannvirkjanefnd og starfsfólki KSÍ fyrir frábært samstarf á árinu.

*Lúðvík S. Georgsson, formaður*

# Heiðursviðurkenningar KSÍ

## Eftirtaldir fengu heiðursviðurkenningu frá KSÍ á árinu:

| **Viðurkenning** | **Nafn** | **Félag** |
|---|---|---|
| Heiðurskross | Halldór B. Jónsson | Fram/KSÍ |
| Gull | Albert Sævar Guðmundsson | Fram |
| Gull | Árni Jóhannsson | KA |
| Gull | Ásgrímur Guðmundsson | Víkingur R. |
| Gull | Ástráður Gunnarsson | Keflavík |
| Gull | Atli Alexandersson | Víkingur Ó |
| Gull | Bjarni Felixson | KR |
| Gull | Bjarni Guðnason | Víkingur R. |
| Gull | Diðrik Ólafsson | Víkingur R. |
| Gull | Einar Árnason | Fram |
| Gull | Elmar Geirsson | Fram |
| Gull | Gunnar Gunnarsson | KA |
| Gull | Gylfi Scheving | Víkingur Ó |
| Gull | Jóhann Kristinsson | Fram |
| Gull | Jóhannes Tryggvason | Víkingur R. |
| Gull | Kári Árnason | KA |
| Gull | Lárus Grétarsson | Fram |
| Gull | Magnús Sigurólason | KA |
| Gull | Magnús Þorvaldsson | Víkingur R. |
| Gull | Matti Oswald Ásbjörnsson | Víkingur Ó |
| Gull | Ólafur Rögnvaldsson | Víkingur Ó |
| Gull | Reynir Ragnarsson | ÍBR |
| Gull | Rúnar Elíasson | Víkingur Ó |
| Gull | Sigmundur Ó Steinarsson | Fram |
| Gull | Sigurður Bjarnason | Víkingur R. |
| Gull | Sigurður Georgsson | Víkingur R. |
| Gull | Skúli Ágústsson | KA |
| Gull | Þórður Lárusson | Fram |
| Silfur | Aðalsteinn Aðalsteinsson | Víkingur R |
| Silfur | Aðalsteinn Snæbjörnsson | Víkingur Ó |
| Silfur | Andri Marteinsson | Víkingur R. |
| Silfur | Áskell Þór Gíslason | KA |
| Silfur | Auður Ólafsdóttir | Víkingur R. |
| Silfur | Baldvin Leifur Ívarsson | Víkingur Ó |
| Silfur | Birgir Gunnarsson | Víkingur Ó |
| Silfur | Birkir Kristinsson | Fram |
| Silfur | Bjarni Áskelsson | KA |
| Silfur | Björn Bjartmarz | Víkingur R. |
| Silfur | Brynjar Jóhannesson | Fram |
| Silfur | Brynjólfur Hjartarson | Fram |
| Silfur | Einar Ásgeirsson | Víkingur R. |
| Silfur | Einar Örn Daníelsson | Víkingur R. |
| Silfur | Eiríkur Einarsson | Víkingur R. |
| Silfur | Eiríkur Jóhannsson | KA |
| Silfur | Ejub Purisevic | Víkingur Ó |
| Silfur | Erlendur Eiriksson | Fram |
| Silfur | Eyjólfur Finnsson | Fram |
| Silfur | Frank Hall | Víkingur R. |
| Silfur | Friðrik Friðriksson | Fram |
| Silfur | Gísli Sváfnisson | Víkingur R. |
| Silfur | Guðbjörn Ásgeirsson | Víkingur Ó |
| Silfur | Guðmundur Hreiðarsson | Víkingur R. |
| Silfur | Guðmundur Steinsson | Fram |
| Silfur | Guðmundur Torfason | Fram |
| Silfur | Gunnar Gunnarsson | Víkingur Ó |
| Silfur | Gunnar Jónsson | KA |
| Silfur | Gunnar Níelsson | KA |

| | | |
|---|---|---|
| Silfur | Gunnar Örn Gunnarsson | Víkingur Ó |
| Silfur | Hafsteinn Garðarsson | Víkingur Ó |
| Silfur | Halla Jónsdóttir | Víkingur R. |
| Silfur | Halldór Gunnarsson | Víkingur R. |
| Silfur | Haraldur Haraldsson (Getraunir) | Víkingur R. |
| Silfur | Haraldur Haraldsson (Offi) | Víkingur R. |
| Silfur | Heimir Karlsson | Víkingur R. |
| Silfur | Helgi Kristjánsson | Víkingur Ó |
| Silfur | Hermann Ólafsson | Selfoss |
| Silfur | Hilmar Hauksson | Víkingur Ó |
| Silfur | Jenný Gunnarsdóttir | Víkingur R. |
| Silfur | Jóhannes Kristjánsson | Víkingur Ó |
| Silfur | Jóhannes Valgeirsson | KA |
| Silfur | Jón Otti Jónsson | Víkingur R. |
| Silfur | Jón Pétursson | Fram |
| Silfur | Jónas Kristófersson | Víkingur Ó |
| Silfur | Kjartan Hjaltested | Víkingur R. |
| Silfur | Kristinn Jörundsson | Fram |
| Silfur | Kristinn R Jónsson | Fram |
| Silfur | Kristján Guðmundsson | Víkingur Ó |
| Silfur | Kristján Jónsson | Fram |
| Silfur | Kristján Ríkharðsson | Víkingur Ó |
| Silfur | Kristmundur Sumarliðason | Víkingur Ó |
| Silfur | Lárus Guðmundsson | Víkingur R. |
| Silfur | Magnús Einarsson | Fram |
| Silfur | Magnús Gylfason | Víkingur Ó |
| Silfur | Magnús Stefánsson | Víkingur Ó |
| Silfur | Magnús Þór Jónsson | Víkingur Ó |
| Silfur | Óðinn Þórarinsson | Víkingur R. |
| Silfur | Ólafur Hallgrímsson | Víkingur R. |
| Silfur | Ólafur Sveinsson | Fram |
| Silfur | Ómar Stefánsson | Kópavogur |
| Silfur | Ómar Torfason | Fram |
| Silfur | Óskar Þór Halldórsson | KA |
| Silfur | Pálmi Bergmann | Fram |
| Silfur | Pétur Arnþórsson | Fram |
| Silfur | Pétur Ólafsson | KA |
| Silfur | Pétur Ormslev | Fram |
| Silfur | Ríkharður Daðason | Fram |
| Silfur | Sigbjörn Gunnarsson | KA |
| Silfur | Sigurbergur Sigsteinsson | Fram |
| Silfur | Sigurbjörn Björnsson | Víkingur R. |
| Silfur | Stefán Aðalsteinsson | KA |
| Silfur | Þorbergur Atlason | Fram |
| Silfur | Þorgeir Pálsson | Fram |
| Silfur | Þorgils Arason | Víkingur R. |
| Silfur | Þórir Georgsson | Víkingur R. |
| Silfur | Þorsteinn Þorsteinsson | Fram |
| Silfur | Þrándur Sigurðsson | Víkingur R. |
| Silfur | Þuríður Guðnadóttir | Fram |
| Silfur | Trausti Haraldsson | Fram |
| Silfur | Tryggvi Gunnarsson | KA |
| Silfur | Valtýr Björn Valtýrsson | Fram |
| Silfur | Viðar Þorkelsson | Fram |
| Silfur | Vigfús Örn Gíslason | Víkingur Ó |

# Kærur og úrskurðir

**Yfirlit yfir kærur og úrskurði má sjá á vef KSÍ undir**

***http://www.ksi.is/log-og-reglugerdir/domasafn/***